



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

## **Hvar eru töfrarnir?**

*Staða fantasíubókmennta á Íslandi*

Ritgerð til M.A.-prófs

Unnur Heiða Harðardóttir  
Október 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Hagnýt ritstjórn og útgáfa

# Hvar eru töfrarnir?

*Staða fantasíubókmennta á Íslandi*

Ritgerð til M.A.-prófs

Unnur Heiða Harðardóttir

Kt.: 200686-2419

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

Október 2011

## Ágrip

Fantasíubókmenntir hafa ekki náð að hasla sér völl á Íslandi þrátt fyrir mikla velgengni erlendis og vinsældir afþreyingar sem byggja á greininni. Lítið hefur verið þýtt af undirstöðuverkum innan geirans, og íslenskir rithöfundar sem reynt hafa að skrifa og gefa út fantasíubækur hafa fengið dræmar undirtektir hjá útgefendum. Í þessari rannsókn var gerð úttekt á stöðu fantasíubókmennta hér á landi og samanburður við stöðu hennar erlendis. Tekið var saman stutt ágrip af sögu fantasíunnar sem bókmenntagreinir, farið yfir helstu undirgreinar og höfunda, og tengsl hennar við aðra miðla og dægurmenningu. Þegar þessi grunnur hafði verið lagður voru tekin viðtöl við rithöfunda, gagnrýnanda og annað fólk tengt bókmenntageiranum og upplýsingum safnað um útgáfu á Íslandi og erlendis. Helstu þættir sem standa í vegi fyrir útgáfu fantasíubókmennta hérlendis eru neikvætt viðhorf gagnvart fantasíum innan forlaganna (hugsanlega vegna kynslóðabils og vanþekkingar á fantasíum) sem skilar sér sem lítil stuðningur við íslenska fantasíuhöfunda, fordómar í samfélaginu þess efnis að fantasíubókmenntir séu einungis barnabækur, og mikill kostnaður við þýðingar erlendra verka. Margt bendir hinsvegar til þess að staða fantasíunnar hérlendis gæti breyst innan skamms: Rík fantasíuhefð í íslenskum þjóðsögum og fornsögum, grasrótastarfsemi ungra höfunda, mikil sala á óþýddum fantasíubókum og fordæmi annarra geirabókmennta, einkum glæpasögunnar, og velgengni fantasíuafþreyingar í formi kvikmynda og sjónvarpsþátta hérlendis, svo og aukin umfjöllun um fantasíur í fjölmiðlum. Vísbendingar eru um að ákveðinni metnun hafi verið náð á íslenskum bókamarkaði hvað varðar fagurbókmenntir og glæpasögur, og fantasían gæti hugsanlega verið það sem kemur næst.

## EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Fantasíur erlendis	11
Fantasíur hérlendis	15
Niðurlag	23
Heimildaskrá	25
Viðaukar	29
Viðauki 1: Viðtal við Alexander Dan Vilhjálmsson	29
Viðauki 2: Viðtal við Bjarna Kristinn Gunnarsson	32
Viðauki 3: Viðtal við Dagbjörtu Kjartansdóttur	33
Viðauki 4: Viðtal við Emil Hjörvar Petersen	37
Viðauki 5: Viðtal við Guðrúnu Vilmundardóttur	41
Viðauki 6: Viðtal við Pál Baldvin Baldvinsson	44
Viðauki 7: Viðtal við Þorstein Mar Gunnlaugsson	46

## Inngangur

Fantasíur hafa á síðustu misserum orðið fyrirferðarmikill hluti af dægurmenningunni á Vesturlöndum. Þær einskorðast ekki við bækur; mikil aðsókn hefur verið að kvikmyndum sem flokka má sem fantasíur, eða eru byggðar á bókmenntum sem flokkast undir slíkt. Þar má til dæmis nefna *Harry Potter* kvikmyndirnar (2001–2011), *Lord of the Rings* þrífleikinn (2001–2003) og *Pirates of the Caribbean* myndirnar (2003–2011), en þessar myndir slógu allar aðsóknarmet þegar þær voru sýndar í kvikmyndahúsum (The internet movie database, 2011). Fantasían hefur einnig lifað góðu lífi í sjónvarpi, nú síðast með HBO-þáttunum *Game of Thrones* (2011) sem njóta mikilla vinsælda. Ekki má gleyma tölvuleikjum, en þeir eru einnig samofnir fantasíunni og hafa aukið umsvif sín sem miðill síðustu tvo áratugi. Innan þess iðnaðar er aragrúi af verkum þar sem sögusvið og bygging leiksins er hluti af fantasíunni.

Á Íslandi er mikill áhugi á hugverkum sem flokkast undir fantasíur, enda flykkist fólk í kvikmyndahús til að sjá slík verk og í bókabúðir til að versla vinsælar bækur innan geirans. Fantasíugeirinn virðist þó ekki hafa skotið rótum á Íslandi þegar kemur að efni á íslensku, þrátt fyrir augljósan áhuga almennings. Það má fullyrða að engar hreinræktaðar íslenskar fantasíu-kvikmyndir séu til, þótt *Astróþía*, sem kom út árið 2007, tengi fantasíu inn í söguþráðinn. Fljótt á litið virðist það skjóta mjög skökku við að höfundar hérlendis séu ekki að skrifa og gefa út efni innan geira sem nýtur jafn augljósra vinsælda. Staða fantasíunnar hérlendis, einkum innan bókmenntageirans, er nokkuð sérstök, og þarfnast nánari athugunar.

Allar sögur eiga rétt á sér svo lengi sem þær eru vel skrifaðar og halda athygli lesandans en það sem skiptir einna mestu máli er að þær snerti við honum á einn eða annan hátt. Nútímabókmenntir innihalda gjarnan frásagnir af atburðum sem gætu átt sér stað í veruleikanum og eru sumar hverjar mjög raunsæar. Oft á að vera auðvelt fyrir lesandann að setja sig í spor persónanna, þar sem þær bækur spegla hinn margbreytilega raunveruleika. Fantasíubókmenntir eru svo kallaðar af því þær gera út á eitthvað yfirnátúrulegt og ótrúlegt, það er að segja hluti, persónur og atburði sem eru á einhvern hátt ólíkar því sem gerist í raunheimi. Þrátt fyrir óvenjulegar frásagnir er yfirleitt auðvelt fyrir lesandann að fylgja persónunni. Hún er oft mikill meðaljón og býr yfir jafn mikilli þekkingu á heiminum og lesandinn. Þessi aðferð getur oft verið hjálpleg við að kynna heiminn fyrir lesandanum án þess að textinn verði þurr og hægt er að stilla upplýsingaflæðinu í hóf.

Ímyndaða veröldin verður að fylgja sínum eigin reglum og þá verður allt þetta óvenjulega ekki óeðlilegt innan þessarar veraldar. Innihald slíkra sagna getur verið afar fjölbreytt: Ótrúlegir viðburðir, furðulegar verur, álfar, draugar, huldufólk, talandi dýr og svo mætti lengi telja. Það sem hefur verið nefnt sem einn helsti munurinn á hrollvekjum og fantasíum er að í hrollvekjum þyki söguhetjum það mjög ótrúlegt að hitta ógnvekjandi skrímsli, þau ryðjist bókstaflega inn í söguheiminn, en í fantasíum þyki það ekki tiltökumál þar sem þau tilheyri honum. Auðvitað getur skrímslið verið lífshættulegt í báðum tilvikum.

Fantasíur eiga rætur sínar að rekja til goðsagna, þjóðsagna og ævintýra (Jackson, 1998). Goðsögur og fantasíur eru alls ekki sami hluturinn en gríska goðafræðin, sú keltneska og sú norræna eru mikilvægar undirstöður nútímafantasíu, sérstaklega á Vesturlöndum. Það er erfitt að skera fullkomlega úr hvenær saga verður að fantasíu og hættir að vera goðsaga, þjóðsaga eða ævintýri. Í þjóðsögum og ævintýrum er oft að finna siðferðislega klemmu sem persónurnar lenda í, og líklega er þar að finna markmið sagnanna, þar sem verið er að kenna (yfirleitt börnum) rétta framkomu og hegðun. Þessar sögur voru fyrst hugsaðar sem dæmisögur til að vara börn við hættum lífsins. Eitt af því sem er verið að kenna börnum í sögunni um t.d. Mjallhvíti er að tala ekki við ókunnuga (sbr. illa normin) og margar sögur eins og sagan um Öskubusku flytja boðskap um góðmennsku. Það er að segja að ef þú ert góður og heiðarlegur þá færðu það launað að lokum. Á 18. og á 19. öld fara að koma fram skáldsögur sem sækja efni í þjóðsögurnar og eru líkari þeim sem eru í bókabúðunum í dag. Þá blómstruðu ævintýraleg skáldverk, en þær byrjuðu í Frakklandi með d'Aulnoy og Charles Perrault. Grimmsbræður voru uppi á þessum tíma og söfnuðu mörgum þjóðsögum til varðveislu, þótt þeir skrifuðu sjálfir ekki ævintýralegar skáldsögur. Sama má segja um danska skáldið H. C. Andersen, en hann varð mjög afkastamikill og skrifaði fjölmörg ævintýri. Charles Dickens, Lewis Carroll, Robert Louis Stevenson, H. Rider Haggard, A. Conan Doyle, Rudyard Kipling og H. G. Wells skrifuðu allir fantasíur í fullri lengd og eru þeir frægustu. Þeir ásamt fleirum lögðu grunninn að fantasíugreininni sem við þekkjum í dag með skrifum sínum (Pringle, 1998).

Fantasíugeirinn er orðinn það stór og fjölbreyttur að honum hefur verið skipt niður í undirflokkar í bókmenntafræðilegri umfjöllun. Fræðimaðurinn Farah Mendlesohn hefur skipt fantasíunni í fjóra flokka: Gáttasögur (The Portal-Quest

Fantasy), heilsteyptar sögur (The Immersive Fantasy), inngripssögur (The Intrusion Fantasy) og þröskuldssögur (The Liminal Fantasy).

Gáttasögur eru, eins og heitið gefur til kynna, sögur þar sem aðalpersóna þarf að fara í gegnum einhverskonar gátt til þess að komast í handanheim. Raunheimurinn er þó alltaf til staðar, fer hvergi og helst óbreyttur fyrir persónurnar þegar þær snúa heim. Þá er nærtækast að taka sögunar um ævintýraheiminn Narníu, eftir C.S. Lewis, sem dæmi en þar er stór fataskápur gáttin, eða *Dark Tower* seríu Stephens King.

Heilsteypta fantasían er saga sem fjallar algerlega um annan heim og heimur lesandans er ekki til í bókinni. Hér má nefna *Lord of the Rings* eftir J. R. R. Tolkien eða sögubálk George R. R. Martin, *A Song of Ice and Fire*.

Inngripssagan er þegar það verður einhver breyting á veröld aðalpersónurnar en hún fer ekkert burt, það er að segja furðuheimurinn er mjög nálægt eða umofinn raunheimi. Hið ótrúlega er samofið venjulegum heimi lesandans. *Harry Potter* bækurnar eru gott dæmi, galdramenn í þeim bókum ganga við hlið venjulegs fólks án þess að það viti nokkuð.

Þröskuldssagan er erfiðari flokkur. Frásögnin er þannig að það ótrúlega er gert venjulegt, þ.e.a.s. aðalpersónan sér t.d. einhyrning í garðinum hjá sér og fyrir hana er það venjulegt en ekki fyrir lesandann. Í sumum tilfellum getur lesandinn ekki treyst því að sögumaðurinn sé að segja satt og rétt frá, eða að hann gefi rétta mynd af atburðum sögunnar. Þessi flokkur er alla jafna ekki eins algengur og hinir þrír. Mendlesohn tekur það þó fram að auðvitað séu undantekningar sem passa ekki í alla flokka, eða bækur sem passa í fleiri en einn og hún setur þær í einn flokkinn enn: *The Irregulars*, eða frávikin. Hér má taka sem dæmi bók eftir Megan Lindholm sem kallast *Wizard of the Pigeons*. Sagan fjallar um heimilislausann mann í Seattle í Bandaríkjunum, sem þarf að berjast við illa krafta úr fortíðinni. Það er óljóst hvort aðalpersónan sé göldrótt í raun og veru eða hvort hann á við geðvandamál að stríða. Hér skarast nokkrir flokkar í einni bók (Mendlesohn, 2008).

Erlendis er fantasían að þróast og breytast í það sem hefur verið kallað á íslensku „furðusögur“ (e. speculative fiction). Þær eru að sameinast fleiri gerðum bókmennta og skilin á milli hryllings, vísindaskáldsagna, fantasíu og spennusagna eru ekki eins skýr. Þessar sögur gerast oft í borgum, ýmist þeim sem lesendur kannast við eða tilbúnum borgum. Í flestum tilvikum eru þessar sögur ekki við hæfi barna, þar sem hryllingurinn er oft ekki langt undan.

Speculative literature is a catch-all term meant to inclusively span the breadth of fantastic literature, encompassing literature ranging from hard science fiction to epic fantasy to ghost stories to horror to folk and fairy tales to slipstream to magical realism to modern myth-making – and more (Speculative Literature Foundation, 2011).

Margar af þessum sögum taka fyrir eitthvað umdeilt mál sem finnst í raunveruleikanum og gagnrýna það hugsanlega í þessari ímyndaðu veröld. Hér má taka sem dæmi fantasíuna *Un Lun Dun* (2007) eftir China Miéville, þar sem skúrkur sögunnar er stórt mengunarský sem er að eyðileggja hliðarheiminn sem sagan gerist í, á meðan pólitíkusar í okkar heimi fóðra það í eiginhagsmunaskini. Sagan er lítið dulin gagnrýni á mannkynið almennt fyrir að fórna umhverfinu fyrir skammtímahagsmuni. Það eru til mörg svona dæmi, nærtækust væri saga Andra Snæs Magnasonar, *Sagan af bláa hnettinum* (1999) þar sem börn fullorðnast aldrei en lifa í sátt og samlyndi og hugtakið „neyslumening“ þekkist ekki. Gleði-Glaumur kemur til sögunnar og býður krökkunum allt sem þau vilja, hluti, sólin og teflonduft í staðinn fyrir æsku barnanna og með henni sakleysi sitt og gleði.

Það er til fjöldinn allur af fantasíum fyrir fullorðna erlendis, en nánast engar fullorðinsfantasíur á íslensku. Sú frægasta er líklegast fyrrnefnd *Lord of the Rings*, sem var þýdd yfir á íslensku sem *Hringadróttins saga*, og var þar mikið stórvirki á ferð þótt deila megi um gæði þeirrar þýðingar. Það er í raun mjög undarlegt að Íslendingar gefi ekki út fantasíur að neinu ráði, vegna þess hversu fyrirmyndirnar eru ríkar í íslenskri bókmenntahefð. Í Snorra-Eddu segir frá norrænum goðum sem voru hluti af trúarbrögðum Íslendinga á öldum áður. Æsirnir búa í Ásgarði og þar ríkir Óðinn yfir þeim.

Goðin eiga í sífelldri baráttu við jötna sem búa í hellum og hömrum í Jötunheimum. Til jötna teljast og ýmsar ófreskjur, svo sem Fenrisúlfrur sem engu eirði og Miðgarðsormur sem liggur í hafinu kringum jörðina og bítur í sporð sér. (Stofnun Árna Magnússonar 2011)

Sú heimsmynd sem þarna lýst er um margt yfirnáttúruleg og ævintýraleg. Jötnar, risavaxinn úlfrur og gríðarstór ormur eru, undir venjulegum kringumstæðum, ekki



hluti af hinu daglega lífi. Það skal því engan undra að norræna goðafræðin hafi verið innblástur fyrir margar fantasíusögur í seinni tíð.

Íslendingasögurnar er nánast hægt að kalla fantasíur síns tíma. Þetta eru samtímasögur, ekki goðsögur, en þær bera keim af þeim samt sem áður. Þær eru um margt ótrúlega líkar þeim fantasíum sem verið er að skrifa nú til dags. Aðalsöguhetjan er oft mjög venjuleg í útliti, en hefur einhvern kraft sem er ekki sýnilegur að utan. Í *Fóstbræðrarsögu* segir frá dauðdaga Þormóðs kolbrúnarskálds sem fékk ör í hjartað, dró hana úr brjósti sér og sagði: „Vel hefur konungurinn alið oss, hvítt er þessum karli um hjartarætur“ (*Fóstbræðra saga*, 1946). Það er ekki tiltökumál að menn geti tekið sér góðan tíma í að segja sín lokaorð eða að menn séu ósærandi nema þeir séu bitnir á barkann, eins gerist í *Egilssögu*. Egill Skallagrímsson er að berjast við Atla hinn Skamma en sverð hans vinnur ekki á Atla vegna þess að hann beitir göldrum: „Egill reiddi sverðið af öllu afli, en ekki beit, hvar sem hann hjó til [...] og hljóp að Atla og greip hann höndum [...] og beit í sundur honum barkann; lét Atli þar líf sitt“ (*Egils saga*, 1987). *Grettis sögu Ásmundarsonar* má einnig nefna sem dæmi, þar sem draugar gera fólki lífið leitt til sveita og glíma Grettis Ásmundarsonar við drauginn Glám er lykilpunkturinn sem markar upphafið að falli kappans (*Grettis saga Ásmundarsonar*, 1946).

Fornaldarsögur Norðurlanda má einnig nefna í þessu samhengi. Sögurnar eiga það sameiginlegt að söguviðið er einhversstaðar á Norðurlöndum. Þær fjalla oft um sögukunnar persónur sem til eru sagnfræðilegar heimildir um en þar einnig oft að finna ýmsa drauga, álfa og risa sem draga verulega úr sannleiksgildi þeirra (Driscoll, 2011). Það er að segja þessar verur ljá sögunum mikinn ævintýrablað sem hefur áhrif á túlkun sagnanna.

Að sama skapi ber íslenskur þjóðsagnaarfur, eins og þjóðsögurnar sem Jón Árnason safnaði, sterkan keim af fantasíunni og eru þær um margt líkar nútímafantasíunni. Það má ætla að þær séu til á mörgum heimilum landsins, en Jón safnaði saman íslenskum munnmælasögum sem komu loks út í sex bindum undir heitinu *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* á árunum 1954–1961, en áður höfðu tvö bindi af safni hans komið út í Leipzig 1862 og 1864. Sögurnar voru af ýmsum toga en algeng stef í þeim voru samskipti fólks við drauga, tröll, huldufólk og aðrar yfirnáttúrulegar verur. Þar var einnig að finna sögur af mannfólki sem bjó yfr yfirnáttúrulegum hæfileikum eða var göldrótt (Jón Árnason, 1961). Fjölbreytileiki sagnanna og viðfangsefni þeirra gefur til kynna að í því samfélagi sem Jón Árnason

safnaði sögum sínum úr hafi ríkt sagnahefð sem bar mjög sterk einkenni fantasíubókmennta. Sögurnar eru hugsanlega í meiri ætt við ævintýri en þessi yfirnáttúrulegu fyrirbæri og handanheima sögur hafa þá verið til mjög lengi í íslenskum sagnaarfi. Sögurnar sem hann safnaði eru ennþá mjög vel þekktar og dáðar af almenningi. Flestir kannast við söguna um Búkollu, Gilitrutt og Átján barna föðurinn í álfheimum. Það er mjög algengt að þjóðsögurnar séu lesnar fyrir börn eða barnabörn enn þann dag í dag eða settar upp sem barnaleikrit. Margir Íslendingar kynnst því fantasíutilbrigðum mjög snemma og í raun eru fáir Íslendingar sem hafa ekki, einhverntímann á lífsleiðinni, lesið sögur með þessum tilbrigðum.

Markmið þessarar greinargerðar er að komast að því hvers vegna fantasíubókmenntir fyrir fullorðna eru ekki gefnar út í meiri mæli hér á Íslandi. Fordómar gætu spilað þar inn í, en bækurnar eru hugsanlega ekki taldar vera „alvöru“ bókmenntir og þykja þar af leiðandi ekki nógu fínar. Viðhorfið gæti verið að bækur sem eru um eitthvað óraunverulegt geti ekki innihaldið neinskonar boðskap, eða að þær geti ekki speglað eða unnið með mál sem gerast í heimi lesenda. Það er hugsanlegt að ástæðan sé kynslóðabundin og að þeir sem spili tölvuleiki eða hlutverkaspil séu þeir sem lesa fantasíur. Tölvuleikjaspilun hér á landi hefur ekki verið til staðar í miklum mæli, ekki miklu lengur en 20–30 ár. Annað sem gæti spilað inn í er enskukunnátta Íslendinga sem vilja síður lesa þýddar, enskar bækur, en það ætti þá einnig að eiga við allar tegundir bókmennta. Það þyrfti einnig að athuga hvort fantasíum fylgi einhverjir erfiðleikar í útgáfu umfram aðrar gerðir bókmennta. Ætla mætti að aðstæður hér á landi séu um margt ákjósanlegar fyrir fantasíuskrif. Hér er rík sagnahefð með fantasíueinkennum, öflug bókmenntahefð og á landinu eru margir rithöfundar miðað við höfðatölu. Þar að auki hefur töluvert af erlendu fantasíuefni í kvikmyndum, þáttum og tölvuleikjum náð hingað á síðustu árum með góðum fjárhagslegum ávinningi. Það vekur upp spurningu: Af hverju eru ekki til fleiri íslenskir höfundar sem skrifa fantasíur á íslensku? Ætlunin með þessari úttekt er að kanna aðstæður í útgáfu hérlendis með tilliti til fantasíubókmennta og reyna að leita skýringa á því ástandi sem hér virðist ríkja.

## Fantasíur erlendis

Framboð af fantasíum erlendis er gríðarlega mikið en lesendahópurinn er auðvitað mun stærri þar heldur en á Íslandi. Íslendingar leita mest í enskumælandi markað, aðallega Bretland og Bandaríkin, en úrvalið þar er gífurlegt. Með þekktari höfundum í þessum geira eru t.d. Neil Gaiman, George R. R. Martin, China Miéville og Terry Pratchett. Þeir eiga það sameiginlegt að skrifa fantasíur eða furðusögur þar sem fullorðnir eru markhópurinn þótt að Gaiman og Miéville hafi líka spreytt sig á yngri kynslóðinni. Martin hefur lengi verið þekktur erlendis og innan ákveðins hóps á hér á landi en nýlega hefur hann fengið aukið umtal vegna sjónvarpsþátta sem HBO-sjónvarpsstöðin framleiðir og byggðir eru á *A Song of Ice and Fire* bókum hans, og hafa þeir slegið rækilega í gegn. Martin sérhæfði sig reyndar í vísindaskáldskap til að byrja með en varð þekktari þegar *Song of Ice and Fire* komst á kortið. Fimm bækur hafa verið gefnar út í seríunni. Sú nýjasta, *A Dance with Dragons*, kom út þann 12. júlí 2011, og samkvæmt bloggsíðu hans hafa viðtökurnar farið fram úr björtustu vonum (Martin 2011). Eftir fyrsta daginn var búið að selja 280.000 eintök (Speakman, 2011). Vikan 31. júlí til 14. ágúst var bókin svo komin í fyrsta sætið á metsölulista *New York Times* og þann 25. júlí 2011 fór hún í fyrsta sætið á *Publishers Weekly* listanum og þrem vikum seinna var hún komin í annað sætið á þeim lista.

Forlög eru yfirleitt mun stærri á allan máta erlendis heldur en á hér á Íslandi. Barátta rithöfunda er mun harðari og samkeppnin er mikil. Þar er aftur á móti að finna meiri flóru á bókamarkaði, sem gerir útgáfu fleiri tegunda sagna fjárhagslega mögulega en á Íslandi. Það eru nokkur forlög á hinum enskumælandi markaði sem sérhæfa sig í útgáfu fantasíubóka. Eitt af þeim er forlagið Del Rey and Spectra, en það er eitt af þeim frægari í Bandaríkjunum. Í byrjun, árið 1977, heyrði það undir Ballantine Books með höfundinn Terry Brooks í broddi fylkingar sem var þá gríðarlega vinsæll, en í dag eru þeir eitt af stærstu forlögnum sem sérhæfa sig í fantasíu og vísindaskáldsögum. Þeir eru með þekktu höfunda á sínum snærum eins og til dæmis Arthur C. Clarke og fyrrnefndan George R. R. Martin (Del Rey and Spectra, 2011).

DAW bækur er annað þekkt forlag í Bandaríkjunum sem sérhæfir sig í fantasíum og vísindaskáldskap. Það var stofnað árið 1971 af Donald A. Wollheim ásamt konu hans Elsie B. Wollheim. Forlagið var það fyrsta sinnar tegundar þar sem ekkert annað forlag á þeim árum sérhæfði sig algerlega í fantasíum og

vísindaskáldskap (DAW books, 2011). Wollheim er samt sem áður einna helst þekkur fyrir að gera Tolkien frægan í Bandaríkjunum. Wollheim var ötull stuðningsmaður kiljunnar og var einn af þeim sem lagði grunninn að vinsældum hennar. Áður en hann stofnaði DAW bækur vann hann hjá Ballantine bókum, en þeir áttu samning við Tolkien. Það vakti mikla athygli á sínum tíma þegar Wollheim gaf út *Lord of the Rings* í kilju í óþökk Tolkiens. Dóttir Wollheims, Betsy Wollheim sagði í viðtali að faðir sinn hafi móðgast við Tolkien þegar hann neitaði að gefa út verk sitt í kilju út af því honum fannst það vera ómerkilegt bókaform. Wollheim fann glufu í bandaríska höfundaréttinum, sem leyfði honum að gefa *Lord of the Rings* út löglega í kilju sem hann gerði.

This brash act (which ultimately benefited his primary competitors as well as Tolkien) was really the Big Bang that founded the modern fantasy field ... He did pay Tolkien, and he was responsible for making not only Tolkien but Ballantine Books extremely wealthy. (Locus magazine, 2006)

Macmillan er stórt forlag sem sér um allskonar bækur, en er með undirdeild sem er mjög þekkt innan fantasíu og vísindaskáldskapar, Tor bækur. Macmillan var upprunalega breskt forlag sem færði út kvíarnar til Bandaríkjanna og Tor bækur er undirdeild þar (Macmillan, 2011). Tor Bækur segjast vera einn vinsælasti vísindaskáldsagna og fantasíu útgefandi í heiminum. Þær hafa unnið til margra verðlauna og:

Tor regularly puts books like Robert Jordan's *Knife of Dreams* and Terry Goodkind's *Chainfire* atop national bestseller lists. Tor's Orb imprint offers trade paperback editions of outstanding, award-winning SF and fantasy backlist titles. Additionally, the Tor Kids program includes Starscape, Tor Teen, and one of the largest classics lines in North America. (Macmillan, 2011)

Harper Collins er einnig mjög stórt forlag, en það sérhæfir sig ekki algerlega í fantasíum heldur er með meiri breidd í útgáfunni. Neil Gaiman hefur gefið sínar bækur út hjá þeim en þær rata iðulega inn á metsölulista erlendis. Hann hefur stundum

verið kallaður rokkstjarna fantasíubókmenntanna. Gaiman hefur unnið mikið með myndasögur, tók þátt í gerð sjónvarpsþáttar og er orðinn mjög frægur fyrir bækur sínar í seinni tíð.

Rithöfundurinn J.K. Rowling sló í gegn eins og frægt er orðið með bókum sínum um galdradrenginn Harry Potter. Bækurnar eru flokkaðar sem unglingsbækur, en lesendur þeirra finnast í öllum aldurshópum. Sú ákvörðun var tekin að gefa út *Harry Potter* bækurnar hérlendis tiltölulega snemma. Samkvæmt Guðrúnu Vilmundardóttur (2011) hjá Bjarti þá var það Snæbjörn Arngrímsson fyrrum útgáfustjóri hjá Bjarti sem ákvað að ná í þýðingarréttinn á *Harry Potter*. Það var áður en bækurnar voru orðnar að stóru fyrirbæri og Guðrún segir að það hafi verið útgáfunef hans sem réði þar ferðinni. Það var ekki fyrir en talsvert seinna sem hann gerði sér grein fyrir því hvað hann hefði í raun og veru í höndunum, það er að segja hversu stórt fyrirbæri þetta yrði.

Það er auðvelt að álykta að ef fullorðið fólk fór að lesa *Harry Potter* þá gæti verið markaður fyrir fantasíubókmenntir sem beint er að eldri markaðshópi. Betsy Wollheim tók við af föður sínum og er útgáfustjóri DAW, en forlagið er núna dóttirfyrirtæki Penguin bóka. Betsy Wollheim talar um að útlit kápu skipti verulega máli:

We're also striving to make the packaging more sophisticated, although it is hard because we don't want to lose our core readership. But I'm finding that many middle-aged people still want to read fantasy and science fiction — they just don't want to be seen doing it! So one of the tricks of the trade is to make the books look a little more upscale. (Locus Magazine, 2006)

Þetta var reynt með *Harry Potter* bækurnar, en í Bretlandi virðist vera einhvers konar feimni gagnvart fantasíum, eða hugsanlega barnabókum, vegna þess að þar var ákveðið að gefa bækurnar líka út með „fullorðins“ kápu. Þannig að ef fólk tæki bókina með sér í almenningssamgöngur þá er ekki eins augljóst að það sé að lesa fantasíu.

Áhugavert er að skoða höfund eins og Stephen King sem hefur verið rómaður spennu- og hryllingshöfundur í mörg ár og hafa margar bækur eftir hann verið þýddar á íslensku. Hann hefur skrifað mjög fræga bókaseríu, *Dark Tower* sem er hrein og bein

fantasía og hefur verið mjög vinsæl erlendis. Enn sem komið er hefur sá bókaflokkur hinsvegar ekki verið þýddur hérlendis. Út eru komnar sjö bækur og sú áttunda á að koma út árið 2012. Söguna mætti kalla töfrungæddan vestra, þar sem Clint Eastwood-leg aðalpersóna leitar að goðsagnakenndum turni (King, 2011).

China Miéville annar mjög áhugaverður rithöfundur sem talinn er eiga sér bjarta framtíð í furðusögugeiranum. Hann er breskur, menntaður í mannfræði og alþjóðasamskiptum, og hefur unnið sem kennari samhliða skrifum. Hann hefur sagt að hann vilji reyna spreyta sig á að skrifa eina bók í öllum sagnageirum sem fyrirfinnast, þótt að hann hafi sérhæft sig í furðusögum. Það er álitamál hvort að eigi í raun og veru að kalla sögur hans furðusögur, því þær eru svo furðulegar að erfitt er að gera sér í hugarlund hvernig hægt sé að ímynda sér margt af því sem þar kemur fram. Bækur hans eru ákall til pulp-bóka og weird-sagna sem voru költ fyrirbrigði á fyrri hluta 20. aldar eins og farið verður nánar út í hér á eftir.

Fantasíuáðdáendur þurfa oft að verja bækur sem eru í uppáhaldi frá gagnrýnendum sem telja þær ekki vera bókmenntir. Fræðimaðurinn Ann Swinfen segir í bók sinni *In defence of fantasy: a study of the genre in English and American literature since 1945* að viðhorf fræðimanna til fantasía geti verið neikvætt, „some critics and academics condemn the whole genre with a passion which seems to have its roots in emotion rather than objective critical standards“ (Swinfen, 1984). Þetta viðhorf er þó að breytast með vaxandi vinsældum geirans. Sögur með yfirnáttúrulegum fyrirbærum eiga í auknum mæli upp á pallborðið hjá hinum almenna lesanda. Sem dæmi má nefna blómstrandi flóru vampírusagna á bókamarkaðnum í kjölfar vinsælda *Twilight*-bókanna eftir Stephanie Meyer. Þrátt fyrir skiptar skoðanir á gæðum þeirra bóka þá hafa komið í kjölfarið margar bækur og nokkrir sjónvarpsþættir með vampírur í forgrunni. Þeir sem hafa áhuga á vampírusögum lesa þær, sama á hvaða aldri þeir eru, en það virðist vera algengara hjá unglingsstúlkum. Það er þó varla hægt að tengja nútíma vampírusögur við klassískar á við *Dracula* eftir Bram Stoker. Vissulega átti Drakúla til kynþokka sem var eitt það hryllilegasta sem hann bjó yfir en Drakúla var ekki gerður að rómantískum elskhuga í bók Stokers. Sú túlkun kom síðar, í aðlögunum annarra höfunda, og varð fyrirferðarmikil í upprisu vampírúbókmennta seint á tuttugustu öldinni. Sögupersónurnar eru gerðar mjög varasamar og oft á tíðum hættulegar en það er gert spennandi og meira gert út á kynþokka þeirra heldur en staðreyndina að þær eru skrímsli. Segja má að *Twilight* bækurnar séu nær ástarsögum heldur en hrollvekjunum. Í nýrri sögum eru vampírur

fyrst og fremst góðir elskhugar sem tengjast aðalpersónunni yfrnáttúrulegum böndum. Blóð myndar oft einhvers konar tengingu á milli þara sem gerir það að verkum að þau geti lesið hugsanir hvors annars og þar af leiðandi verður samband þeirra bókstaflega laust við alla lygi. Í staðinn fyrir vampíru sem ófreskju og rándýr þá er komin fram vampíra sem elskhugi sem elskar að eilífu (Bailie, 2011). Líklega finnst lesendum spennandi að líta á vampírur sem óvenjulegar manneskjur heldur en ófreskjur sem sjúga blóð úr öðru fólki. Úlfhildur Dagsdóttir (2010) segir í grein sem hún skrifaði um vampíruæðið að *Harry Potter* bækurnar hafi, ásamt skvísusögum þátt í að breyta yfirbragði vampírunnar. Enn sem komið er hefur enginn íslenskur höfundur farið þessa leið en nokkrar vampírusögur hafa verið þýddar yfir á íslensku, þar á meðal *Twilight* sögurnar og *True Blood* bækurnar eftir Charlaine Harris. *Twilight* bækurnar eru ekki fyrstu sögurnar sem hafa bætt inn ástarsögunni inn í hið ótrúlega heldur má til að mynda nefna sögurnar um ísfólkið eftir Margit Sandemo sem voru mjög vinsælar á sínum tíma. Sérían varð að fjölmörgum bókum og sú fyrsta kom út árið 1982. Bækurnar seldust í yfir 25 milljón eintaka (Margit Sandemo Official Website, 2011).

Justin Manley segir að ritstjórar eigi því að þakka að fantasíur séu orðnar vinsælar hjá almenningi, en aðeins að litlu leyti rithöfundunum: „...with the release of Terry Brooks' *The Sword of Shannara*, del Rey made fantasy truly mainstream for the first time by introducing fantasy to an adult market” (Manley, 2009). Útgefendur hafa því gríðarlega mikil áhrif á hvernig bókmenntaflóran er og á hvað verður vinsælt. Lester del Rey stofnaði, eins og nafnið gefur til kynna, Del Rey útgáfuna og hafði að sögn Stephen R. Donaldson, þekktum höfundi erlendis, einstakt lag á að finna hæfileikaríka rithöfunda. Hann einbeitti sér að útgáfu fantasía og náði að koma hverri bókinni á eftir annarri á metsölulistann, það er hugsanlegt að dauði hans árið 1993 hafi haft áhrif á fantasíugeirann, því á þessum tíma lenti hann í dýfu og komst ekki almennilega upp úr henni fyrr en með tilkomu Harry Potter bókanna.

## **Fantasíur hérlendis**

Verslunin Nexus á Hverfisgötunni í Reykjavík er sérvöruverslun sem sérhæfir fyrst og fremst í hlutverkaspilum og hlutum í tengslum við þau, eins og leikföng og spilabækur. Þar er einnig hægt að fá mikið úrval af myndasögum, öðrum spilum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttaröðum og skáldsögum. Þær bækur sem þar eru til sölu

eru flestar fantasíur, vísindaskáldsögur eða annarskonar furðusögur. Það ætti að vera óhætt að fullyrða að Nexus bjóði upp á eitt mesta úrval af þess háttar bókmenntum hér á landi og eru nánast allar á ensku en það sem er til á íslensku er einnig selt þar.

„Role playing games“ eða hlutverkaspil eru nátengd fantasíum. Spilin fara þannig fram að einn leikmaður stjórnar spilinu. Hann býr til aðstæður, tilbúinn heim sem notaður er sem sögusvið og ákveður hvers kyns verur byggja hann, hvers kyns samfélög þær hafa skapað og svo framvegis. Hversu mörg ríki eru í heiminum, hvort ríkin séu lýðræðisríki eða byggist á konungsvaldi og svo framvegis. Hinir leikmennirnir búa sér til persónur, taka ákvarðanir og vinna yfirleitt saman að settu marki sem hefur áhrif á framvinduna en stjórnandinn er sá eini sem hefur einhverja heildaryfirsýn yfir ævintýrið. Hann heldur í raun utan um allar hinar persónurnar og getur stuðlað að því að leikmennirnir lendi í vandræðum eða fái hjálp. Það má í rauninni líta á hlutverkaspilið sem einskonar sameiginlegt skáldverk stjórnanda og leikmanna. Allt frá upphafi hefur verið sterkt samband á milli fantasíu og hlutverkaspila. Gary Gygax, Don Kaye og Dave Arneson stofnuðu fyrirtækið Tactical Studies Rules árið 1972 í kringum hlutverkaspilið *Dungeons and Dragons*. Þeir tóku ákvörðun á sínum tíma að selja réttinn á hugverkum sínum í hlutum til margra tölvuleikjafyrirtækja. Þannig er stutt í tölvuleikina og geta spilarar spilað hlutverkaspil og spilað tölvuleik úr sömu veröld. Margir leikir eru settir upp þannig að persóna í einhverjum ævintýraheim þarf að fara í gegnum langt og strangt ferðalag. Á leiðinni þarf spilarinn að taka ákvarðanir og fær nokkra valmöguleika þegar hann ræðir við aðrar persónur. Höfundar leikjanna eru þá búnir að útbúa nokkrar útgáfur af leikslókum sem gefur spilaranum einnig tækifæri á að spila leikinn aftur og getur þá fengið alls ólíka upplifun. Vinsældir hugleikja hafa farið hönd í hönd við vaxandi vinsældir fantasía og forfallnir aðdáendur fantasía taka gjarnan þátt í hugleikjum. Flestir aðspurðir hafa að minnsta kosti einhverja hugmynd um hvað *Dungeons and Dragons* snýst (Bjarni Kristinn Gunnarsson, 2011).

Bókaútgáfa í kringum hlutverkaspil er töluvert gróskumikil, fjöldinn allur af spilum og fyrir hvert spil er oft til aragrúi af viðbótarbókum með allskyns aukareglum og hugmyndum fyrir leikmenn og stjórnendur. Tölvuleikjafyrirtækið CCP hf á útgáfufyrirtæki sem heitir White Wolf, en það hefur gefið út bækur í tengslum við hlutverkaspil. Á síðunni þeirra stendur eftirfarandi:



White Wolf has consistently stretched the boundaries of familiar modes of artistic entertainment, introducing new realms to the horror, science fiction and fantasy genres. We began our journey with our now highly popular roleplaying lines, and then ventured into the realm of mass-market fiction publishing. Now, we are involved in the electronic entertainment industry. (White Wolf, 2011)

Hugsanlega verða hlutverkaspilakvöld á elliheimilinu í staðinn fyrir briddskvöld eftir einhver ár. Þannig verða heilu skáldsögurnar til og upplifunin er mjög lík því að lesa góða skáldsögu, þó vissulega verði innlifunin meiri í spilin. Við gerð ýmissa kerfa hafa stundum verið teknar þekktar fantasískáldsögur eins og bækur George R. R. Martins og Tolkiens og þeim breytt í hlutverkaspil. Þá er notaður heimur rithöfundanna og stundum hitta leikmennirnir persónur sögunnar. Árið 1993 var fyrsta íslenska spunaspilið gefið út af bræðrunum Rúnari Þór og Jón Helga Þórarinssonum, það fékk nafnið *Askur Yggdrasils* og byggir á (eins og nafnið gefur til kynna) norrænni goðafræði. Þar er sótt beint í brunn hins íslenska fantasíuarfs, bragðbættum með áhrifum frá Gyfax og einstaka kornum úr öðrum goðsagnaheimum (Hugi.is, 2011).

Þó nokkuð er til af íslenskum fantasíum fyrir börn og unglunga hérlendis. Það varð breyting í upphafi níunda áratugarins, fantasíur fóru að verða algengar í barnabókmenntum. Silja Aðalsteinsdóttir sagði eftirfarandi:

Undanfarinn rúman áratug hefur þjóðsagnakennt efni og fantasía aukist í bókum handa 8–12 ára börnum, sjálfsagt bæði fyrir erlend áhrif frá bókum og bío myndum, og sem viðbrögð við nýraunsæinu sem mörgum fannst hefta í myndunaraflíð. Þessum sögum má skipta upp í tvo flokka, þær sem gerast aðallega í hversdagslegum veruleika sem fær líf og lit af einu ævintýralegu fyrirbæri, og þær sem gerast algerlega í fantasíuheimi. (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999)

Það virðist hafa verið mikil gróska innan barnabókanna hérlendis.

Sem dæmi má taka bækurnar um Blíðfinn eftir Þorvald Þorsteinsson, þær eru frekar nýlegar, komu út frá árinu 1998 til 2004. Iðunn Steinsdóttir hefur einnig verið afkastamikil og skrifað margar fantasíur fyrir börn. Svo má nefna Heiði

Baldursdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Þorvald Þorsteinsson og Andra Snæ Magnason til að gefa fáein dæmi. Þar sem bækur þeirra eru ætlaðar börnum þá fjalla þær um efni sem snertir þau frekar en flóknari og erfiðari málefni. Þær bækur sem taka á slíkum málefnum gera það yfirleitt á einhvern hátt undir rós eða í gegnum samlíkingar og myndmál. Sögur sem ætlaðar eru fullorðnum eru oftast beinskeyttari og opinskárri.

Minna er til af þýddum bókum en þær sem eru þýddar eru nánast allar ætlaðar börnum eða unglingum. Þar má nefna *Harry Potter*, *His Dark Materials* (Myrkraefna-þríleikurinn), *Coraline* (*Kóralína*), *Eragon*, *Artemis Fowl* og svo framvegis.

Ef grannt er skoðað þá leynast furðusögur í dulargervum meðal skáldsagna hér á landi sem eru kallaðar annað. Bók Yrsu Sigurðardóttur, sem gefin var út um jólin 2010, *Ég man þig* mætti samkvæmt sumum vera kölluð hrollvekja miklu frekar heldur en spennusaga en umfjöllunarefnið er mjög óhugnarlegt og hraðinn er minni en eins og oft er með spennusögur. Svo má einnig nefna bókina *LoveStar* eftir Andra Snæ Magnason, hún er í raun hrein og bein vísindaskáldssaga en er ekki seld sem slík. Það er yfirleitt talað um skáldsöguna *LoveStar*, í þessu samhengi má einnig nefna bókina *Herra Alheimur* eftir Hallgrím Helgason.

Ísland er hugsanlega aðeins á eftir hvað varðar þróun í bókmenntageiranum og mögulega gæti komið einn daginn kippur í útgáfum á fantasíum. Emil Hjörvar Petersen (2011) benti á að spennusagan þótti ekki fín á árum áður en núna ein mest selda tegund bókmennta á Íslandi. Það þarf ekki annað en að horfa metsölulistann rétt fyrir jólin, þar sem bækur Arnaldar Indriðasonar fara iðulega beint á toppinn og haldast þar yfirleitt í nokkrar vikur (Forlagið, 2011).

Það eru ágætis líkur á að fantasíur öðlist viðurkenningu á Íslandi einn góðan veðurdag. Flestir þeir sem eru að skrifa fantasíur hérlendis í dag eru sannfærðir um að þetta taki tíma, og þurfi eins og svo margt annað að byrja í grasrótinni. Þetta gæti orðið streð í einhver ár en ef fleiri fá tækifæri til að koma sér á framfæri getur vel verið að það komi fleiri efnilegir höfundar upp úr kafinu. Fólk þyrfti að hætta að skilgreina sig sem manneskjur sem lesa bara eina tegund bóka. „Ég er manneskja sem les ástarsögur, spennusögur, hrollvekjur“ og svo framvegis.

Emil Hjörvar Petersen er ungur höfundur sem er að reyna að leggja sitt af mörkum til að breyta þessu hér á landi. Hann gaf út sína fyrstu skáldsögu í fullri lengd árið 2010, *Saga Eftirlifenda: Höður og Baldur* en hún á að vera fyrsta bókina í væntanlegum þríleik. Eins og titillinn gefur til kynna fjallar sagan um þá æsi sem lifa

af ragnarök og togstreitu á milli þeirra í nútímasamfélagi mannsins. Höður og Baldur eru aðalpersónur bókarinnar, en sagan segir frá lífi þeirra. Kaflarnir eru sýndir frá sjónarhorni Haðar og Baldurs til skiptis og þannig kynnist lesandinn báðum persónunum betur en ella. Samkvæmt Emil þá ákvað hann að markaðsetja bók sína ekki sem fantasíu. Bókarkápan er olíumálverk af tveim alvarlegum karlmannsandlitum og hún gæti vel verið lýsing á hádramatískri sögu um líf venjulegra einstaklinga. Emil Hjörvar náði að selja allt upplag sitt og koma út í gróða á útgáfunni og hugsanlega hafði þessi markaðsetning eitthvað með það að segja. Hann hefur samt sem áður ákveðið að bók tvö og fyrsta bókin í endurútgáfu munu svipa frekar til útlits hefðbundina fantasía en sú úr fyrstu prentun. Dagbjört Kjartansdóttir (2011), vinnur í Nexus og er mikill fantasíuáðdáandi, hún var ekki alveg sammála Emil að hann hefði átt að fara þessa leið, því hún sem fantasíulesandi hefði líklegast látið bókina framhjá sér fara undir venjulegum kringumstæðum. Ákvörðun Emils gæti því hafa orkað sem tvíeggja sverð, en það verður forvitnilegt að fylgjast með viðtökum bókarinnar og framhaldinu þegar þær koma út í öðruvísi búningi. Nykur gaf út *Sögu Eftirlifenda* en forlagið var stofnað árið 1995 af Andra Snæ Magnasyni og Björgvini Ívari, en það hópur rithöfunda sem lesa handrit hvers annars yfir í sjálfböðavinnu en höfundur stendur straum af kostnaði bókarinnar sjálfur. Emil græddi á bók sinni og seldi þær allar þannig að áhuginn er greinilega fyrir hendi og fleiri rithöfundar gætu átt eftir að fara þessa leið í framtíðinni.

Alexander Dan Vilhjálmsson (2011) tók stórt skref í átt að breytingum hér heima með útgáfu blaðsins *Furðusögur*, en heitið gefur til kynna konar efni fer í blaðið. Blaðið sækir sér fyrirmynd í tímarit sem nefnist *Weird Tales*, en það kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1923 og er enn í útgáfu. Það var upprunalega stofnað til þess að rithöfundar gætu gefið út sögur sem fengu neitun hjá forlögunum. Sögurnar áttu það sameiginlegt að vera um atburði sem voru mjög óraunverulegir, hryllilegir eða furðulegir. Það kom rithöfundum eins og H.P. Lovecraft, Ray Bradbury og Robert E. Howard á kortið en færri vita að leikritaskáldið Tennessee Williams gaf út sína fyrstu sögu í blaðinu. Gullöld pulp-bókanna á líka stóran þátt í þróun fantasíunnar. Í byrjun 19. aldar varð ódýrara að gefa út bækur og hægt var að komast í ódýran (og óvandaðan) pappír sem var notaður í að framleiða oft á tíðum einfaldar sögur. Þar voru meðal annars ævintýrasögur eins og um Solomon Kane og Conan-sögur Roberts E. Howard. Á þessum tíma varð til mikil flóra af allskonar sögum og þarna fór fantasían að skipta sér niður í fleiri undirflokkum. Til dæmis urðu á þessu tímabili til

fantasíur sem kallaðar eru „sverð og seiðmagn“ (e. sword and sorcery) þar sem söguþráðurinn snýst að mestu leyti um hasar og bardaga með notkun galdra (The fantasy guide, 2011). Pulp-sögurnar voru hinsvegar mikið költ fyrirbæri. Engin fantasía náði almennum vinsældum fyrr en *Lord of the Rings* kom út (Yolen, 2001).

Fyrsta tölublaðið af *Furðusögum* er komið út og blað tvö á að koma út haustið 2011. Blaðið inniheldur smásögur eftir upprennandi íslenska höfunda, myndlist, myndasögu og viðtal við fyrrnefndan Emil Hjörvar. Þarna má finna vandaðar og óvenjulegar sögur sem brjóta upp flóruna hér á landi. Það er einmitt það sem Alexander telur að þyrfti að breytast, ekki endilega einungis að auka fantasíuflóruna heldur allar gerðir sagna sem fyrirfinnast. Hann telur að glæpasagan og þungar, dramatískar Reykjavíkur-bækur taki of mikið pláss. Þótt að hann hafi til dæmis ekki áhuga á ástarsögum þá mætti gefa út fleiri íslenskar ástarsögur. Ef blaðið *Furðusögur* er skoðað betur þá virðist vera talsvert af hæfileikaríku fólki sem kann vel að skrifa texta. Meirihluti blaðsins samanstendur af smásögum eða hluta úr skáldsögu þar sem ímyndunarafl höfundanna fær að njóta sín í vægast sagt furðulegum sögum.

Alexander gaf undirritaðri leyfi til að lesa BA-ritgerð sína í ritlist við Háskóla Íslands. Ritgerðin er rúmlega 60 blaðsíður og er ókláruð skáldsaga sem nefnist *Crymogæa*. Alexander stefnir á að klára söguna og vonandi koma henni í útgáfu. Þessi saga er merkileg „hvað-ef“ mynd af Íslandi, eða Reykjavík. Huldufólk er til og lifir meðal manna, Krúnan ræður ríkjum og er þetta ansi myrk sýn á lífi fólks, þar sem margir eru útúr dópaðir og lögregluvaldið ægilegt. Söguþráðurinn einkennist af furðulegu umhverfi en umfjöllunarefnið ætti samt sem áður að höfða til fullorðins fólks sem telur sér trú um að hafi ekki áhuga á fantasíum. Þessi saga er alls ekki ætluð ungum börnum.

Á netinu er starfrækt vefsíða á netinu sem kallast *www.rithringur.is* þar sem upprennandi rithöfundar fá tækifæri til þess að fá gagnrýni á verk sín og gefa öðrum umsagnir. Þar inni er fjöldi fólks sem skrifar mikið og ekki er einskorðað við eina tegund sagna, en talsverður fjöldi þeirra einbeitir sér að fantasíubókmenntum. Á meðal þeirra sem hafa nýtt sér vefsíðuna er Þorsteinn Mar Gunnlaugsson (2011) en hann gaf út fyrstu bók sína í maí 2011. Bókin er smásagnasafn sem inniheldur hrollvekjur og kallast það *Myrkfælni*. Þorsteinn stundar rithringinn mjög mikið og fékk margar athugasemdir og hugmyndir í gegnum síðuna. Rithöfundarnir þar inni þjónuðu í rauninni hlutverki ritstjóra.

Helsti áhrifavaldur Þorsteins er ameríski höfundurinn H.P. Lovecraft.

Þorsteinn tengir sögur sínar íslenskum veruleika og tengir sumar hverjar við íslenskar þjóðsögur. Margar hverjar eru mjög ógnvekjandi og sitja í manni eftir lesturinn. Sem dæmi má taka unga manninn sem breytist í marbendil eða sagan um hjónin sem eignast son frá hafinu. Nýstofnuð útgáfa, Rúnatýr ehf, gaf út bókina og stefnir á að gefa út fleiri bækur í þessum anda í framtíðinni. Hann telur ástæðuna fyrir því að fantasíur, hrollvekjur og vísindaskáldskapur séu ekki gefin út í meiri mæli sé hræðsla hjá forlögnum hér á landi. Það er miklu öruggara að gefa út dramatískar Reykjavíkursögur og spennusögur því þær seljast nær undantekningarlaust vel. Þorsteinn vill einnig forðast jólabókaflóðið þar sem fólk er í flestum tilvikum að kaupa bækur til að gefa (sem rykfalla stundum upp í hillu) og frekar reyna að selja bækur sínar þeim sem vilja virkilega lesa þær. Þorsteini finnst það léttgeggjað að streða við að gefa út margar bækur árlega. Hann vill einbeita sér að sumrinu og höfða til fólks sem þarf lesefni með sér í sumarbústaðinn.

Gífurleg blaðsíðulengd hefur loðað við fantasíurnar, þar sem sögurnar eru oft langar. Í skáldverki þar sem sögusviðið er jörðin sem lesandinn þekkir, getur rithöfundurinn gert ráð fyrir því að lesandinn búi að minnsta kosti yfir grundvallarþekkingu á heiminum sem sagan gerist í. Fantasíuhöfundar þurfa hinsvegar oft að byggja upp heila veröld og til að gera henni góð skil verður að útskýra og sýna aðstæður vel. Þetta er mjög erfitt að gera á 100 blaðsíðum. Þetta er meðal annars ein ástæðan fyrir því að útgefendur veigra sér við að þýða svo stór verk því það eykur kostnaðinn við útgáfuna verulega. Bæði þýðingarkostnaður og prentkostnaður verður hærri. Norska forlagið Vendetta hefur þýtt fyrstu bókina úr *Song of Ice and Fire* eftir George R. R. Martin. Við útgáfu verksins tók forlagið þá ákvörðun að skipta bókinni í tvennt. Það er hægt að dreifa þýðingarkostnaðinum yfir á lengra tímabil með því að skipta bókinni og prentkostnaður gæti verið minni. Það er líka hægt að bíða og sjá hvort bókinn verði vinsæl eða mistök og þá er hægt að ákveða framhaldið. Það er að segja ef bókinn selst gríðarlega illa og útgáfan misheppnast þá er hægt að koma í veg fyrir að hinn hlutinn sé gefinn út. En fyrri hlutinn kom út í maí 2011 og seinni hlutinn á að koma út í ágúst 2011. Þann 21. Júní 2011 var fyrsti hlutinn *I vargens tid* í öðru sæti á metsölulista bókilden í Noregi (Ingebrigtsen, 2011). Fleiri þýðingum á bókunum hefur verið skipt niður í minni hluta, eins og þeirri finnsku, þýsku og frönsku.

Þó nokkuð af handritum eru send inn á forlögin í von um útgáfu. Forlögin lofa yfirleitt ekki neinu og gefa sér sinn tíma til þess að lesa handritin áður en þau gefa viðkomandi svar. Almennt gengur ferlið þannig fyrir si að ef einum yfirlesara líkar vel við handrit þá les annar aðili það og ef hann er á sömu skoðun þá les sá þriðji handritið og þá er tekin ákvörðun um hvort eigi að kalla á rithöfundinn í viðtal. Sum forlög eru þó með fyrirfram mótaðar stefnur um hvað henti þeirra forlagi en yfirleitt er tekin ákvörðun um hvert handrit fyrir sig. Samkvæmt Guðrínu Vilmundardóttur (2011), útgáfustjóra hjá Bjarti, taka þau einnig við ábendingum og tillögum að handritum en yfirleitt sjá þau um að finna bækur til að þýða eða taka ákvarðanir um að gefa út íslensk handrit.

Þann 14. ágúst 2011 var viðtal við rithöfundinn Elís Freysson í *Morgunblaðinu*, en Saga forlag mun gefa út blóðuga fantasíu eftir hann í haust. Hann segir í viðtalinu að hann hafi reynt að hafa samband við öll forlög á Íslandi fyrir utan tvö áður en hann fékk jákvæð viðbrögð. Hann er búinn að skrifa handrit að þrem skáldsögum en þær gerast í miðaldaheimi sem er í miklum sárum. Byrjunin er blóðug þar sem hetjan Mikael vaknar minnislaus í þorpi sem búið er að eyða og sagan fjallar um leit hans að ástæðum minnisleysisins og réttlæti. Lesandinn fær því að kynnst heiminum í gegnum Mikael. Í sömu grein er stutt umfjöllun eftir Björn Þór Vilhjálmsson bókmennta-og kvikmyndafræðing sem einnig er stundakennari við Háskóla Íslands. Þar segir hann meðal annars að: „...fantasían sé núna að koma sér fyrir í meginstraumnum á máta sem hún hefur ekki gert síðan á sjöunda áratugnum þegar bandarískir stúdentar voru að uppgötva Tolkien.“

Dagbjört Kjartansdóttir (2011) er umsjónarkona yfir bókadeild og bókasafni Nexus, og hefur sem slík góða yfirsýn og tilfinningu fyrir sölu fantasíubóka. Þær bækur eru þó flestar á ensku, þar sem ekki er gefið mikið út á íslensku. Dagbjört telur að það séu um 3000–4000 titlar seldir á mánuði af fantasíubókum þó stór hluti séu sérpantanir. Þeir sem sérpanta vita hvað þeir vilja og eru mjög meðvitaðir um framboðið erlendis. Þeir sem lesa á ensku vilja gjarnan lesa á því tungumáli en ef 1000 eintök væru gefin út af virkilega góðri og vel skrifaðri fantasíu á íslensku þá eru ágætis líkur á að bókin myndi seljast vel. Hún telur einnig að það þurfi að verða viðhorfsbreyting til fantasía. Dagbjört hefur tekið eftir að í bókabúðum og bókasöfnum eru fantasíur nánast alltaf settar með barnabókunum, jafnvel þær sem eru alls ekki við hæfi barna. Í sumum tilvikum er þó ástæðan einungis plássleysi. Hún tók sem dæmi bókina *Tunnels* sem var þýdd yfir á íslensku sem *Göngin*, sem er vissulega

sögð vera unglingsbók en hún er nær fullorðinsbókum heldur en barnabókum. Bókin er fantasíu-hrollvekja um strák sem fer göng sem hann finnur í kjallaranum heima hjá sér, til að leita að pabba sínum, og lendir inni í heimi, nýlendu, þar sem grimmir íbúar ráða yfir þegnunum. Vegna vinsælda fyrrnefndra sjónvarpssería eftir bókum George R.R. Martin, þá segir Dagbjört að þó nokkrir hafi komið í Nexus lítandi út eins og þeir haldi að þeir muni smitast á svokölluðum „nördisma“. Þau kaupa bókina og flýta sér eins fljótt og þau geta út úr búðinni. Það þurfa ekki allir að þróa með sér smekk fyrir fantasíum en það er einungis til hins betra ef fantasíur fengju viðurkenningu og vel skrifuðum bókum væri stillt upp við hlið annarra fagurbókmennta. Smekkur manna er mismunandi en það ætti að vera allra hagur að hafa úrvalið sem breytilegast.

Páll Baldvin Baldvinsson (2011) skrifaði stutta umjöllun í *Fréttatímann* um bækur Gerorge R. R. Martins en talar undir lokin um stöðu fantasía á Íslandi: „Fantasíur hafa lengi verið álitlegur keppinautur við virtustu rit bókmenntastofnunar en átt sér fáa forgöngumenn hér á landi.“ Honum finnst vera mikil tilhneiging til þess að búa til fantasíuheim í barna-og unglingsbókum sem hefur smitast út í aðrar bókmenntir. Hann telur að mikil endurlífingun hafi orðið á fantasíunni þegar *Lord of the Rings* kvikmyndirnar komu út fyrir nokkrum árum og svo eins endurlífingun Narníu bókanna og þá varð ákveðin breyting á markaðnum og farið var í að gera fantasíuna að söluvöru. Árið 2003 gaf Forlagið út bók eftir Ármann Jakobsson, *Tolkien og hringurinn* þar sem hann fer ítarlega í saumana á verki Tolkiens. Bókin kemur út sama ár og síðasta mynd Peter Jacksons um *Lord of the rings*, þannig að einhver vakning varð á þessum árum.

Páll Baldvin telur að það sé orðin ákveðin metun á markaðnum í fagurbókmenntum og glæpasögum. Lesendur eru því farnir að leita í eitthvað nýtt, og þá gæti fantasían orðið fyrir valinu. Hún hefur sterkan grunn í öðrum miðlum, og grasrót rithöfunda sem berjast við að skrifa og koma út efni. Útgáfustefnur forlaganna eru stærsta hindrunin; sé hægt að yfirvinna hana og fá fantasíur útgefnar að ráði eru allar líkur á þær nái að skapa sér sess á íslenskum bókmenntamarkaði.

## Niðurlag

Ástæðan fyrir stöðu fantasíunnar hér á landi eru margskonar. Þeir þættir sem hamla fantasíuútgáfu hérlendis er að stórum hluta ákvörðun forlaganna að gefa ekki út fantasíur í miklum mæli. Flestir eru meðvitaðir um að neikvætt viðhorf gagnvart fantasíum viðgengst á Íslandi og alltof oft eru sett samasem merki á milli fantasía og

barnabóka. Þó má nefna að árið 1999 fékk *Sagan af bláa hnettinum*, Íslensku bókmenntaverðlaunin, en það gerist varla að barnabók, sérstaklega fantasía fái þessi verðlaun (Forlagið 2011). Ein aðalástæðan fyrir því að útgefendur taka þá ákvörðun að leggja ekki í þýðingu og útgáfu á erlendum verkum er stærðin á flestum fantasíubókum. Margar hverjar eru gífurleg þrekvirki og ef þess konar bækur eru þýddar, eykst kostnaðurinn verulega. Það er jafnframt snúið að markaðsetja fantasíuna rétt. Eins og nefnt var hér að framan þá líta lesendur sjálfkrafa á fantasíur sem barnabækur þar sú skoðun er ríkjandi, eins og sést best á því að láta fullorðinsfantasíur inn í barnaeildir á bókasöfnum og í bókabúðum.

Aftur á móti er góður jarðvegur á Íslandi fyrir útgáfu fantasía. Hún er í raun og veru rík í menningararfi Íslendinga þannig að bakgrunnurinn er góður. Margir virðast vera að skrifa fantasíur, þótt fæst sé gefið út, þannig að það ættu að leynast góðir rithöfundar inn á milli. Það er mikil sala á erlendum fantasíubókum en það er þó ekki öruggt að allir kaupendurnir myndu kaupa íslenskar fantasíur ef þær yrðu gefnar út. Aftur á móti leita lesendur í erlenda markaði af því að á Íslandi er lítið sem ekkert að fá. Þær fantasíur sem hafa verið gefnar út hafa þó selst vel eins og *Harry Potter* og *Lord of the Rings*.

Útgáfa blaðs eins og *Furðusaga* og fárra, en ágætra, skáldsagna bendir til þess að spennandi tímar séu framundan. Framtíð bóka er nokkuð örugg (formið gæti breyst), en það eru yfirleitt einhverjir sem lesa mikið og hætta því seint og hugsanlega verða fantasíurnar algengari og bókmenntaflóran fjölbreyttari fyrir vikið. Niðurstaðan er þó sú að það eru margir þættir sem spila hér inn í og ekki er hægt að fullyrða um einn þátt frekar en annan. En hugsanlega þarf fantasían einungis tíma til að verða viðurkenndari hjá útgáfubransanum og einnig hjá hinum almenna lesanda.



## Heimildaskrá

- Alexander Dan Vilhjálmsson. (2011). Viðtal höfundar við Alexander Dan Vilhjálmsson ritstjóra *Furðusagna* og rithöfund.
- Árnastofnun. (Dagsetningu vantar). Sótt 12. maí 2011 af [http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_hand\\_sagaogbokmenntir](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_hand_sagaogbokmenntir)
- Bailie. Helen. (2011). Blood ties: the vampire lover in the popular romance. *The Journal of American Culture*, 34(2), 141–148.
- Bjarni Kristinn Gunnarsson. (2011). Viðtal höfundar við Bjarna Kristinn Gunnarsson áhugamann um hlutverkaspil.
- Dagbjört Kjartansdóttir. (2011). Viðtal höfundar við Dagbjörtu Kjartansdóttur yfirmann bókadeildar Nexus.
- DAW Books. (Dagsetningu vantar). Sótt 12. júní 2011 af <http://us.penguingroup.com/static/pages/daw/aboutus.html>
- Del Rey and spectra. (Dagsetningu vantar). Sótt 15. júlí 2011. <http://sf-fantasy.suvudu.com/about-del-rey-and-spectra>
- Driscoll, Matthew James. (ritstj.). *Fornaldarsögur norðurlanda*. Sótt 23. júní 2011 af <http://www.am-dk.net/fasnl/index.php>
- Emil Hjörvar Petersen. (2011). Viðtal höfundar við Emil Hjörvar Petersen rithöfund.
- Egils saga*. (1987). Í Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Íslendingasögur og þættir. (Fyrsta bindi, bls. 368–518). Reykjavík: Svart á hvítu.

- Forlagið. (Dagsetningu vantar). *Sagan af bláa hnettinum*. Sótt 30. maí 2011 af <http://www.forlagid.is/?p=122082>
- Fóstbræðra saga*. (1946). Íslendingasögur Vestfirðinga sögur. (Fimmta bindi, bls. 199–357). Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.
- Grettis saga Ásmundarsonar*. (1946). Íslendingasögur Húnvetninga sögur. (Sjötta bindi, bls. 1-295). Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.
- Guðrún Vilmundardóttir. (2011). Viðtal höfundar við Guðrúnu Vilmundardóttur útgáfustjóra Bjarts.
- Harper Collins. (Dagsetningu vantar). Sótt 15. júlí 2011 af <http://www.harpercollins.com/>
- Hugi.is. (2005, desember). Sótt 27. Ágúst 2011 af <http://www.hugi.is/saga/articles.php?page=view&contentId=2852765>
- Ingebrigtsen, Thomas. (2011). Facebook síða Vendette. Sótt 16. júlí af <https://www.facebook.com/pages/Vendetta-Forlag/258317566644>
- Internet movie database. (Dagsetningu vantar). Sótt 10. maí 2011 af <http://www.imdb.com/boxoffice/alltimegross?region=world-wide>
- Jackson, Rosemary. (1998). *Fantasy, the literature of subversion*. London: Routledge.
- Jón Árnason. (1954). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- King, Stephen. (Dagsetningu vantar). *Dark Tower*. Sótt 23. júní 2011 af <http://www.stephenking.com/DarkTower>
- Locus Magazine. (2006, júní). Viðtal við Betsy Wollheim. *Locus Magazine*. Sótt 16. júlí af

<http://www.locusmag.com/2006/Issues/06Wollheim.html>

Macmillan. (Dagsetningu vantar). Sótt 15. júlí 2011 af

<http://us.macmillan.com/splash/about/index.html>

Manley, Justin. (2009). *The Enchantment of America:*

*Fantasy fiction's growth into a major genre, and the people who made it happen.* Sótt 28. júní 2011 af

[http://docs.google.com/viewer?a=v&q=cache:\\_7PmqcamYwoJ:www.likepdf.info/dl/\\_vp.d3d3Lm5zaHNzLm9yZw--\\_vp..sl\\_scholarships.sl\\_Academic\\_Papers10.sl\\_Manley.pdf+The+Enchantment+of+America:+Fantasy+fiction%E2%80%99s+growth+into+a+major+genre,+and+the+people+who+made+it+happen+justin+manley&hl=is&gl=is&pid=bl&srcid=ADGEESjW1q0j9E0TbI\\_Zjo7m1vOI2dzqsvqixBxQUEGAtYf8x7DFuUqmPozdm6CEWIsBN2iyvzYtVB5Dm6MjUvrCek9Qs4GKJxnnc7cjLu7CytMwJY7ImHWFfdtePnjYlxgwK17K3I&sig=AHIEtbReyVm0pqdvXG5jhlaEqbEQ6wJMzw&pli=1](http://docs.google.com/viewer?a=v&q=cache:_7PmqcamYwoJ:www.likepdf.info/dl/_vp.d3d3Lm5zaHNzLm9yZw--_vp..sl_scholarships.sl_Academic_Papers10.sl_Manley.pdf+The+Enchantment+of+America:+Fantasy+fiction%E2%80%99s+growth+into+a+major+genre,+and+the+people+who+made+it+happen+justin+manley&hl=is&gl=is&pid=bl&srcid=ADGEESjW1q0j9E0TbI_Zjo7m1vOI2dzqsvqixBxQUEGAtYf8x7DFuUqmPozdm6CEWIsBN2iyvzYtVB5Dm6MjUvrCek9Qs4GKJxnnc7cjLu7CytMwJY7ImHWFfdtePnjYlxgwK17K3I&sig=AHIEtbReyVm0pqdvXG5jhlaEqbEQ6wJMzw&pli=1)

Margit Sandemo Official Website. (2011). Sótt 5. júlí 2011 af

<http://www.margitsandemo.co.uk/>

Martin, R. R. George. (2011). *Not a blog.* Sótt 20. júlí 2011 af

<http://grrm.livejournal.com/>

Mendlesohn, Farah. (2008). *Rhetorics of fantasy.* Middletown: Wesleyan University Press.

Páll Baldvin Baldvinsson. (2011, 29. júlí). Valdatafl í vændum. *Fréttatíminn*, bls. 30.

Páll Baldvin Baldvinsson.(2011). Viðtal höfundar við Pál Baldvin Baldvinsson ritstjóra og gagnrýnanda.

Pringle, David. (1999). *The ultimate encyclopedia of fantasy: the definitive illustrated*

*guide*. Woodstock: Overlook.

Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). *Raddir barnabókanna*. Greinasafn. Reykjavík: Mál og menning.

Speakman, Shawn. (2011). Sótt 28. maí 2011 af <http://suvudu.com/2011/07/poll-do-you-only-read-completed-series.html>

Swinfen, Ann. (1984). *In defence of fantasy: a study of the genre in English and American in literature since 1945*. London: Routledge.

The speculative literature foundation. (2004). Sótt 3. júlí 2011 af [http://www.speculativeliterature.org/SLF\\_faq.php](http://www.speculativeliterature.org/SLF_faq.php)

Truesdale, Dave. (1975, 3. september) Del Rey, Lester and Judy-Lynn. *Tangent* magazine. <http://www.tangentonline.com/index.php/interviews-columnsmenu-166/1256-classic-lester-a-judy-lynn-del-rey-interview>

Úlfhildur Dagsdóttir. (2010). Hryllingur! Hryllingur? Vampýran gengur laus. *Tímarit Máls og menningar* 71 (2), 42–63.

White Wolf. (Dagsetningu vantar). Sótt 20. júlí 2011 af <http://www.white-wolf.com/about>

Yolen, Jane og Greenburg, Martin (ritstj.). (2001) *After the King: Stories in Honor of J.R.R. Tolkien*. Boston: Turtleback Books.

Þorsteinn Mar Gunnlaugsson. (2011). Viðtal höfundar við Þorstein Mar Gunnlaugsson rithöfund.

## Viðaukar

Viðauki 1: Viðtal við Alexander Dan Vilhjálmsson, ritstjóra

*Furðusagna* þann 3. júní 2011.

### **Af hverju heldur þú að ekki séu gefnar út fantasíur að ráði á Íslandi?**

Þegar ég hef verið að spyrja í tímum, og í heimsóknum hjá forlögum, þá er alltaf sagt að Íslendingar lesi ekki fantasíur út af þjóðsögunum, að við séum með þann sagnaarf og hann nægi okkur. Mér finnst þetta algert kjaftæði. Þetta var kannski satt á sínum tíma þegar Bretar voru skrifa hrylling en í dag þá held ég að þetta sé ekkert nema heigulsháttur. Ég veit ekki hvað ég á að segja annað? Enginn les fantasíur því að enginn skrifar þær og enginn gefur fantasíur út því enginn les þær. Það vill enginn taka skrefið. Það er mikið til í með þessu með grasrótina en ég veit ekki hvernig fólk er að taka við sér. Emil Hjörvar gaf út bók og Þorsteinn Mar smásagnasafn en erfitt er að selja þau, ég gaf út tímarit og það er eins og allir séu að tala um þetta en áhrifin eru ekki nógu mikil.

### **Hvernig hefur gengið með blaðið?**

Ég veit það ekki. Ég lét prenta það í of stóru upplagi það var einhver geðveiki hjá mér, einhver rosalegur ofmetnaður en það í sjálfu sér gengur ágætlega. Fyrsta blaðið fannst mér mjög gott en gallinn er að núna var ég að auglýsa um daginn eftir efni í annað tölublað, það var kannski illa auglýst ég var ekki að leggja mig mikið ótrúlega mikið fram það kom ekki mikið efni inn og ekki mikið af nógu góðu efni þannig að ég þarf að fara að reka á eftir fólki að koma með eitthvað. Ég veit ekki, þetta er streð.

### **Eru margir að skrifa, finnurðu fyrir því?**

Það eru nokkrir að skrifa en það er síðan spurning hversu góðir þeir eru. Mér finnst Emil Hjörvar og Þorsteinn Mar mjög fínir en svo hef ég séð marga sem eru að skrifa en það er kannski ekki útgáfuhæft af því það eru heldur ekki margir sem skrifa og taka þetta alvarlega.

### **Eruð þið að ritstýra efninu sjálf?**

Já. Ég held að við höfum lesið yfir efnið þrisvar og við prófarkalásurum ekki eingöngu. Við vorum að benda á að ef það var einhver plotthola eða persóna meikaði ekki sens. Eitt dæmi var þegar ein persóna var barn en talaði kannski of fullorðinslega. Allskonar svona pælingar.

En með Íslendinga ég veit ekki hvað ég á að segja. Ég er búinn að vera að hugsa mikið um þetta, meta og endurmeta. Tilfinningin er oft þannig að manni finnst ekkert gerast nema maður geri það sjálfur. Forlöggin eru ekki að fara taka áhættuna, það verður einhver annar að gera það, það er bara þannig. En mér finnst óþolandi að vera á landi þar sem einungis er pláss fyrir tvær bókmenntagreinar. Sakamálasagan og íslenskar borgarabókmenntir, Reykjavíkursögur sem eru oft mjög fínar en hvar er flóran? Ég er ekkert að heimta sérstaklega að bara fantasían verði vinsæl en hvar er allt hitt? Ég les til dæmis ekkert „chick lit“ en ég myndi alveg vilja að það væri meira af því hérna.

### **Þannig að þú heldur að heigulsháttur sé aðalástæðan?**

Já, það hljómar kannski svoldið hart og hrokafullt en mér finnst það bara.

### **Ef það kæmu fleiri virkilega góðir rithöfundar sem skrifuðu fantasíur. Heldurðu að bækurnar myndu seljast?**

Ég held að fólk þurfi að uppgötva íslensku fantasíuna. Það er eins og með reyfarana, það er ekki bara hægt að skrifa reyfarana alveg eins og þeir eru erlendis. Það verður að finna íslensku leiðina og finna ástæðuna til þess að skrifa íslensku fantasíuna. Af því að hún er öðruvísi en sú breska og hún er ekki til. Þess vegna held ég að það sé ekki verið mikið að vinna í þessu. Boltinn þarf að byrja að rúlla það þarf að átta sig á því hvert sé sérkenni íslensku fantasíunnar.

### **Hvað er fantasía?**

Fantasía gerist í heimi þar sem eru önnur lögmál í en í okkar heimi. Það er grunn skilgreining reyndar eru margar vísindaskáldssögur líka fantasía. En það er oft svona frekar óskýr lína þar á milli, en ég held að það sé megin punkturinn.

### **Þú ert að skrifa bók?**

Ég ætlaði að gera BA verkefni sem var mjög metnaðarfullt. Ég skrifa bók og stend svo á 40–50.000 orðum og sá að ég væri ekki að fara ná þessu á tíma. Þannig að ég endaði með rúmlega 20.000 orð og skilaði fyrsta hlutanum af bókinni ásamt millikafla fyrir annan hluta og ég stefni á að þeir verði þrír. Ég er að skrifa hann núna. Í sögunni er ég að reyna að átta mig á því hvað sé íslensk fantasía. Sagan heitir *Crymogæa* og þetta er eiginlega „alternate universe“ eins og „alternate history“ en þá er alltaf einhver skurðpunktur í sögunni. Oft er það stutt síðan eins og: hvað ef nasistarnir unnu seinni heimsstyrjöldina? Í *Crymogæu* er skurðpunkturinn svo langt í burtu að heimurinn er keimlíkur en samt óþekktanlegur. Sagan gerist í hliðstæðri Reykjavík og fjallar um Sæmund og Garúnu. Sæmundur er galdramaður og kallaður Sæmundur óði, Garún er myndlistarkona í uppreisnarhug. Ég er að reyna að nota allskonar minni, ríf allt niður, þjóðsagnaarfinn og Reykjavík í dag og set saman á öðruvísi hátt. Það var mjög athyglisvert. Ég stefni á að klára þetta í sumar ef ég geri það ekki þá verð ég mjög óhamingjusamur maður. Svo ætla ég að sjá hvað forlögin segja. Það er svo leiðinlegt að gefa út sjálfur. Það er svo ógeðslega mikið vesen. Það er ekki fyrir mig.

### **Er erfitt að fá kynningu á efni í fjölmiðlum hérlendis?**

Það veit enginn hvað þú ert að gera, ef þú þekkir engann gaur hjá *Fréttablaðinu* þá....ég veit ekki hvað þarf að gera. Ég vona að forlögin gerist fífldjörf og taki sénsinn.

Það eru margir að bíða einhverju nýju og öðruvísi. Ég fór í vísindaferð í Forlagið spurði út í þetta og þá fékk ég sama svarið og ég fæ yfirleitt. Nördar lesa bara á ensku. En þetta snýst ekki um það! Heldur söguna. Hverskonar sögu fantasíu býr íslenskur menningarheimur til? Fokk tungumálið. Það er ekki aðalatriðið. Mér finnst þetta svo undarlegt, þegar maður horfir á bíómyndir þá er allt í lagi að fantasíu ævintýrin séu að trekkja allan peninginn inn. Eins og t.d. sænska vampírabókin *Let the Right One in*, hún er búin raka inn peningum, einhver vampírubók sem engin les eða ég veit það ekki, fáir. Ég er ekki hrifinn af *Twilight* t.d. en ef það er til fólk sem les þær þá fer það kannski og les aðrar bækur. Þetta er svona „gateway drug“ fyrir fantasíur.

## Viðauki 2: Viðtal við Bjarna Kristinn Gunnarsson þann 5. ágúst 2011.

### Um hvað snúast hlutverkaspil?

Hlutverkaspil snúast í grunninn um eins konar sameiginlega sögusköpun. Einn leikmaður tekur að sér hlutverk stjórnanda, sem sér um að skapa söguvið og spinna upp atburði og aukapersónur sem mynda sögu, og hinir spilararnir skapa sér persónur til að taka þátt í sögunni. Stjórnandinn leggur söguna fyrir spilarana, með ýmis konar hindrunum, andstæðingum, gildrum og þrautum, og spilararnir ákveða hvernig persónur þeirra bregðast við. Árangur þeirra og afleiðingar ákvarðana ráðast síðan af reglum kerfisins sem spilað er eftir. Spunaspil eru til í ýmsum útfærslum, það má segja að þau skiptist í marga af sömu geirum og bókmenntirnar. Það eru til spunaspil um geimfara og geimverur, framtíðartryllar þar sem erfða- og vélbættar utangarðsandhetjur berjast við spillt stórfyrirtæki, hryllingskerfi þar sem spilararnir eru venjulegir menn sem þurfa að kljást við skelfilegar og óskiljanlegar verur, ofurhetjukerfi þar sem leikmenn taka að sér hlutverk ofurmenna með skikkjur og í nærbuxunum utan yfir, og svo mætti lengi telja.

### Hvernig byrjuðu þau?

Spunaspilin hafa alltaf átt rætur sínar í fantasíuheimum, í miðgarði Tolkiens og sverða- og seiðkarlasögum Howards, Leibers og fleiri. Erkitýpan er náttúrulega Dungeons & Dragons, sem Gary Gygax og Dave Arneson komu á markað á áttunda áratugnum. Þemun þar ættu að vera flestum fantasíuunnendum kunnugleg. Spilarar taka að sér hlutverk vígamanna og seiðkarla af ættkvíslum manna, álfa og dverga, og takast á við alls kyns forynjur í leit sinni að gulli, gersemum og frægð og frama. Dungeons & Dragons spratt upp úr herkænskuleikjum sem Gygax og félagar hans spiluðu með tindátum, en slíka leiki má síðan rekja allt aftur á nítjándu öld, ef ekki lengra aftur. Mig minnir að Mark Twain og fleiri rithöfundar hafi verið nokkuð virkir í þessu á sínum tíma. Spunaspilin hafa sem sagt alltaf legið ansi nærri bókmenntunum og sótt þemu sín þangað. D&D inniheldur mikinn innblástur úr Hringadróttinssögu og öðrum verkum Tolkiens, en einnig úr goðafræði alls staðar frá úr heiminum, pulp-sögum og sverða- og seiðkarlasögum, hryllingsbókmenntum og svo mætti lengi telja. Það var reyndar sagt að Gygax hefði aldrei verið fyrir Tolkien, fundist hann þungur og óspennandi, og hefði meira sótt í Conan-sögur Howards og annað í pulp-geiranum,



en Tolkien-fantasían hafi verið svo ríkjandi á þessum tíma að það hafi verið ómögulegt að búa til fantasíuspil án þess að hún blæddi inn í þau að einhverju leyti.

### **Hvernig er tengingin milli fantasíubókmennta og spunaspila?**

Fantasíubókmenntirnar og spunaspilin eiga sameiginlega þessa sögusköpun sem inniheldur fyrirbæri sem eru ómöguleg í raunheiminum. Í spunaspilum felst ákveðinn raunveruleikaflótti afþreyingarinnar, spilarar setja sig í spor persóna sem eru færar um að framkvæma hluti sem eru ómögulegir í raunheiminum. Fantasían býr í ímyndunaraflinu, sem er mótörinn sem knýr spunaspilin. Það er mín reynsla að það sé mikill samsláttur milli fantasíulesenda og spunaspilara, þeir sem eru gefnir fyrir að beisla ímyndunaraflið og taka þátt í söguframvindu finna sig í hvoru tveggja. Það er líka mjög algengt að vinsælum fantasíubókum sé fylgt eftir með hlutverkaspilum sem gerast í söguheiminum. Lesendur sem finna sig í heimi bókarinnar geta þá kannað hann til hlítar, gert hann að sínum eigin og sagt sínar eigin sögur innan hans. Snert sögu bókarinnar persónulega.

### **Viðauki 3: Viðtal við Dagbjörtu Kjartansdóttur, yfirmann bókadeildar Nexus þann 4. ágúst 2011.**

#### **Hvernig er salan á fantasíubókum almennt?**

Salan á fantasíubókum á ensku, sem við höfum aðallega til sölu, er mjög góð en stærstu seríurnar okkar eru fantasíur. Þegar bækur verða vinsælar seljum við þær í bílförnum eins og við gerum núna með *Song of Ice and Fire*. Fyrsta bókin, *A Game of Thrones* er svona vinsæl núna út af m.a. sjónvarpsefninu en þær hafa þó alltaf verið mjög vinsælar. Við pöntum vanalega kassavís af þeim fyrir jólin en við erum samt að selja þær í kassavís núna.

#### **Er markaðurinn fyrir fantasíubókmenntir mettaður hér á landi?**

Ég myndi halda að markaðurinn hér sé alls ekkert mettaður. Tolkien selst til dæmis alltaf, kannski ekki í bílförnum lengur, en ég búin að vinna í bókabúð í 15 ár og þar

sem ég vann fyrst var gamall maður sem hafði unnið hjá Mál og menningu þegar hún opnaði á sínum tíma. Þá pantaði hann allt í búðina, hann sagðist hafa pantað Tolkien í gámavís og spurði mig svo þegar ég var að panta þetta seinna meir: „er þetta ennþá að seljast?“ Ég benti honum þá á að það væru til þrjú sett heima hjá mér. Hvað tók samt langan tíma að fá Tolkien gefinn út á íslensku? Annað sem ég hef séð er að það eru alltaf einhverjir sem eru að reyna að gefa út fantasíur á íslensku en það er eins og bókabúðirnar flokki fantasíurnar alltaf með barnabókum, sama hvaða bækur þetta eru.

### **Hvernig hefur bók Emils Hjörvars, *Saga eftirlifenda*, selst?**

Það er vanalega ekki mikil sala, það hefur ekki mikið selst af eintökum hjá okkur. Ég held að það hafi verið 9 eintök. Vandamálið með íslensku fantasíuhöfundana er að það er ekki komin mikil hefð fyrir að skrifa fantasíur á íslensku. Þeir sem lesa fantasíur lesa hana aðallega á ensku og við höfum talað um það hérna innanhúss að okkur finnst fantasían alltaf verða pínulítið klúðursleg þegar hún er komin yfir á íslenskuna. Það er út af því að höfundarnir eru að þreifa sig áfram með tungutaki sem manni er orðið tamt að lesa á ensku. Oft sér maður að það vantar mikinn yfirlestur og af því að það er svo lítið gefið út af bókum og lítið skrifað af íslenskum fantasíum, þá er eins og útgefendurnir velji ekki og hafni. Þeir segi ekki „já þetta er góð byrjun, skrifaðu þetta aftur“ eins og maður veit að höfundar eru að ganga í gegnum úti. Það er svo mikið úrval erlendis að það er hægt að velja toppinn til útgáfu. *Saga eftirlifenda*, heillaði mig ekki. Hugmyndin var mjög skemmtileg en þegar maður er búin að lesa mikið af fantasíum gerir maður nokkuð miklar kröfur til hennar. Ég gæti vel trúað því að krakkar eða fólk (því að þetta er náttúrulega ekki barnabók og okkar viðskiptavinahópur er frá 15 og upp úr) sem eru að byrja að lesa fantasíu gætu haft gaman af henni. Mér finnst hún ekki alveg uppfylla gæðakröfurnar þótt að bókin sé vissulega skárri en margt annað sem ég hef kíkt á.

### **Er markaður fyrir íslenskar fantasíur?**

Það held ég, miðað við hvað fantasían er að seljast á ensku þá er ég viss um að góður íslenskur fantasíuhöfundur myndi seljast í miklu magni. Emil Hjörvar [Petersen] kom hér í gær og var að tala um að *Saga Eftirlifenda* hefði selst í meira en 400 eintökum sem er alveg virðingarvert. Þar sem lesendur eru nú aðeins komnir inn í söguna þá talaði hann um að hafa kápuna á næstu bók fantasíulegri. Ég tók eftir þessu með fyrstu bókina. Fyrir okkur í fantasíugeiranum var áberandi að kápan átti að höfða til

bókmenntaelítunnar en næst ætlar hann að hafa hana meira fantasíulega. Þarna veigraði hans sér við að gera mikið úr því að þetta væri fantasía af því hann var hræddur um að „venjulegir“ lesendur (innan gæsalappa) sem kaupa til dæmis Stieg Larsson og James Patterson og myndu ekki taka neitt upp sem væri merkt sem fantasía. Þetta minnti dálítið á ljóðabók eftir Stein Steinarr.

### **Heldurðu að fantasíulegar kápur fæli venjulega lesendur frá?**

Þetta er vandamál í hina áttina því að fólk sem les fantasíur tekur líka eftir kápunum. Ég er viss um að ef ég myndi setja mig í spor venjulegs lesenda í bókabúð, hefði ég sennilega gengið framhjá henni því maður les ekki aftan á allar íslenskar bækur sem maður sér. Þar sem það er svo lítið gefið út af fantasíum þá veigrar fólk sér við að auglýsa þær sem slíkar en missir þá kannski af rétta markhópnum sem er að kaupa töluvert mikið af bókum og það ætti að vera hægt að selja þeim íslenskar bækur.

### **Heldur þú að þýddar bækur myndu seljast?**

Ég held að fólk leiti í enskuna ef þau geta lesið hana á annað borð og núna er fantasían að seljast alveg rosalega á ensku. Hvað eru bækur gefnar út í stóru upplagi? Í 1000–3000 eintökum? Það væri alveg hægt að selja fantasíuna með rétttri markaðssetningu fyrir jólin. Það er alltaf viss hópur sem ekki les ensku sem myndi hafa áhuga að lesa t.d. Martin í þýðingu og hafa þá gaman af þáttunum. Ég þekki aðeins til í *Bjarti* en þar var verið að reyna að fá þau til að gefa út eða þar var einhver þar sem að spyrja út í það. Vandamálið er það að það finnst ekki alltaf nógu góður þýðandi. Það er eitt að fá grænt ljós að gefa út þýddar fantasíur en annað mál hvort þýðingin verði nógu góð til þess að fólk haldist við það. Það er sama vandamálið og með íslensku fantasíurnar, þýðendunum er ekki heldur tungutakið tamt og það er list að þýða. Það er ekki hver sem er sem getur þýtt.

Ég er alveg viss um að ef eitthvað stórt forlag er tilbúið að leggja smá pening í auglýsingar og kynningu og myndi taka eitthvað af þessum stóru seríum og þýða þær þá myndu þær seljast.

### **Er lengd bóka vandamál?**

Ég veit að í Bretlandi hefur einni þeirra [bók eftir Martin] verið skipt í tvennt. Það er náttúrulega það sem fólk hefur lent í, það gerist oft að aðeins fyrsta bókin í seríu er gefin út. Ég sé líka um bókasafnþjónustuna í Nexus, og ég er nýbúin að taka við

erlendu bókadeildinni. Þar er til dæmis bókin *Tunnels* þýdd sem *Göngin*, og flokkuð sem barnabók. Hún er markaðsett fyrir ungmenni og fullorðna en hún hefur örugglega aldrei komið inn í fullorðinsdeild í bókabúð hérna á Íslandi. Hún selst vel hjá okkur, kannski ekki í miklu magni en hún fer alltaf en það fer minnst af fyrstu bókinni. Því það er mikið af krökkum sem hafa lesið fyrstu bókina og hana fá þau af bókasöfnum og svo hafa þau verið að panta aðra, þriðju og fjórðu bókina á ensku af því að bókaútgáfan, (ég veit ekki hvaða bókaútgáfa gaf hana út, Einyrkinn held ég) [Bjartur gaf hana út 2008] gafst upp af því að hún seldist svo lítið. Það er mjög algengt að fólk reyni en það er með lítinn pening á bakvið sig. Það tók mig t.d. 2 ár að fatta það að hún hafði verið gefin út á íslensku. Það er eins með Naomi Novik, hún skrifar fantasíu sem gerist í Napóleonstríðinu og er „alternate history“ saga, hún er þýdd sem *Drekinn hans hátignar*. Þær eiga ekkert erindi í barnabókadeildina en þær eru hafðar þar. Það eru til mjög margar góðar bækur sem margir ættu að hafa gaman af en ... það eru ekki allir sem lesa bókatíðindin frá upphafi til enda.

### **Seljast minna þekktir höfundar einnig eins vel?**

Við erum með rosalega marga höfunda. Það eru alltaf einhver nöfn sem seljast vel t.d. Martin, Rowling og aðrir metsöluhöfundar. Síðan seljum við mjög mikið af öðrum höfundum sem viðskiptavinir okkar finna á netinu eða í tímaritum. Við erum að selja um 3000–4000 titla á mánuði í allri bókadeildinni, sumt af því eru sömu höfundarnir og oft erum við að selja bara eitt eintak af hverri bók. Við tökum eitt eintak inn og svo er rosalega mikið sérpantað því að við höfum takmarkað pláss. Þótt mig langi til að hafa fleiri bækur.

Margir höfundar eru að seljast mikið. Þeir sem eru að lesa eru að lesa mikið. Fæstir eru að kaupa eina bók á ári, fólk er alltaf að leita að nýjum og nýjum höfundum.

*Furðusögur* seldist mjög vel hjá okkur þegar það kom út fyrst. Salan koma mjög á óvart fyrir jólin, við settum það við kassann og fólk kippti því með og það var mjög spennant að sjá svona smásagnablað. Svo kom út smásagnasafn eftir Þorstein Mar. Hann er þekktur hér innanhúss og við seldum strax alveg 10–15 eintök þannig að fólk var spennant að sjá hvað hann var að gera sem er dálítið sérstakt því það er vandamál að selja smásögur á Íslandi. Sögurnar eru meiri hryllingur heldur en fantasía en hryllingurinn er fantasía upp að vissu marki.

Ég held að það sé búið að þýða Sookie bækurnar eftir Charlaine Harris, allavega fyrstu bókina. Það eru bækur sem við höfum selt í bílförnum, þær virðast samt einnig vera að seljast í íslenskri þýðingu en þær eru náttúrulega stuttar. Þú kemur væntanlega inn á *Ísfólkið* sem er náttúrulega lang vinsælasta fantasíuserían sem hefur verið seld á íslensku. Þær eru með mjög sterku fantasíuívafi. Það var ekki mikið í boði ef þú varst búin með barnabækurnar. Ég veit ekki hvernig er með fantasíu unnendur sem lesa á íslensku, kannski gleyma þeir að leita í barnadeildinni, góðar bækur eru fyrir alla aldurshópa. Fullorðnir eiga að getað leitað í barnadeildina þótt að börnin geti kannski ekki leitað í fullorðinsbækurnar. Eins og t.d *Harry Potter* bækurnar. En svo veit ég líka (því ég hef unnið í bókabúðum sem selja íslenskar bækur) að þetta er oft spurning um pláss ef þú þarft að velja aðra deildina.

**Viðauki 4: Viðtal við Emil Hjörvar Petersen rithöfund þann 26. maí 2011.**

**Ertu ekki að skrifa næstu bók?**

Jú, ég þurfti að setja hana á ís, ég er kominn með fráhrarfseinkenni. Ég hef ekki getað unnið í henni í tvo mánuði en fer aftur á fullt núna. Ég er með skema fyrir hana, veit hvað er að fara að gerast og er búinn að skrifa tvo kafla.

**Geturðu sagt mér frá *Sögu eftirlifenda*?**

Ég hef verið partur af skáldafélagi sem heitir Nykur í nokkur ár, síðan 2006. Þá voru við þrjú félagarnir sem kynntumst, vorum allir að semja ljóð og töluðum við gamla Nykur-félaga Andra Snæ, Davíð Stefánsson og fleiri og endurreistum félagið. Við höfum verið að gefa út ljóð. Ég fékk hugmyndina af sögunni áður en ég gaf út fyrstu ljóðabókina í byrjun árs 2007 og var endalaust að vinna í heimsmyndinni og karakterunum. Síðan óx þetta í höndunum á mér og ég gerði mér grein fyrir því að þetta væri meira en ein bók. Ég vann hjá Forlaginu í eitt og hálf ár og sá þar að það var lítil sem engin þekking fyrir hendi. Það er rosalega lítið af þessum tegundum bókmennta innan bókaforlaga þannig að ég gerði mér grein fyrir því að ef ég ætti að láta þetta ganga upp yrði ég að gera þetta sjálfur. Til þess að koma þessu í ákveðinn farveg og sjá hvernig þetta myndi æxlast, fór ég fyrst mjög varlega. Nykur er hálfger

höfundaför­lag þannig að útgáfan á henni var mjög strembin. Það eru allir í sjálfboðavinnu, yfirlesturinn og fleira. Við höfum enga umboðsmenn, og reynum að standa eins vel og við getum að framleiðslunni. Við erum með samninga við umbrotsmenn, og öll dreifing og kynningarstarfsemi var í mínum höndum. Maður felur sig á bakvið Nykur, en þeir sem fá að vera með í félaginu þurfa að hafa ákveðið potential. Þegar þú ert kominn inn þá færðu aðstoð, aðgang að póstlistanum og þekkingu sem allir deila. Til dæmis hvernig eigi að koma bókinni á framfæri, þannig að þetta krefst þess að maður verður að leggja rosalega mikla peninga sjálfur vegna fjárhagslegrar áhættu sem ég gerði en náði að græða á henni sem er alveg magnað. Það er svo mikill munur á að gefa út ljóðabók og skáldsögu að það er ótrúlegt. Ljóðabókin hefur líftíma í ca. 2 vikur, þú lætur vita og reynir að selja í kringum þig en eftir 2–3 vikur þá ...

### **Hvernig var bókin markaðsett?**

Ég fór rosalega varlega í að kynna bókina sem fantasíu af því hvað markaðurinn er skrýttur í sambandi við þetta. Það eru gloppur í íslenskum bókmenntum, það vantar fantasíur, science fiction og horror, þó það virðist aðeins vera að koma út horror núna. Þannig að ég fór varlega. Árni Matthíasson hjá *Morgunblaðinu* var sá fyrsti sem hafði samband og fór að spyrja mig út í bókina. Hann spurði mig hvort þetta væri fantasía eða urban fantasía? og ég svaraði: „já akkúrat“ og þá fattaði ég að þetta virkaði. Ég vildi aldrei setja label á þetta en þarna var hann kominn. Coverið er til dæmis ekki fantasíulegt, ég vildi ekki gera það, ég vildi eiginlega vera svona inn á milli þannig að fólk velti því fyrir sér hvernig bók þetta væri. Bókin er núna uppseld. Þegar ég endurútfel hana með næstu bók, þá mega þær vera fantasíulegri. Það þarf smá trix en það virðist vera vakning. Á sama tíma kom út tímaritið *Furðusögur* og það virðist vera vakning núna með nýrri kynslóð.

### **Heldurðu að þetta sé kynslóðabundið?**

Það er örugglega út af nokkrum ástæðum. Ein ástæðan er peningar. Fantasíubókmenntir ná svo langt aftur út á 20. öld. Það byrjar ekki bara með Tolkien, það er svo margt annað líka. Það getur verið að þetta sé kynslóðabundið en það er líka einhver tilhneiging í íslenskum bókmenntum að halda sig innan ákveðins ramma. Menntu eru rosa hræddir við að stíga út fyrir þennan ramma sem er þessi ekta íslenska skáldsaga, einhverskonar drungaleg og alvarleg Reykjavíkursaga. Maður las rosalega

mikið af þeim, þangað til ég gerði mér grein fyrir hvað þær eru í rauninni einhæfar. Þá fór ég að sýna smá mótstöðu. Þetta er ekki alveg málið. Það er margt fínt í þessari tegund sagna, en kannski hefur hún orðið einráð af því að við erum einsleitt samfélag með ákveðna bókastofnun sem heldur í sitt. Síðan braust reyndar glæpasagan í gegn með Arnaldi [Indriðasyni]. Það eru fáir ástríðufullir einstaklingar sem fá að komast í gegn. Við erum svo mikið á eftir öðrum löndum eins og t.d. atómsskáldin.

Móðernisminn kom hingað 30 árum á eftir og fantasían er að koma 30 árum eftir á.

Það getur líka verið að útgefendur séu þrjóskir út af því það eru miklar áhættur í bókaútgáfu, en það er einnig mjög lítil uppstokkun innan bókaforlaganna. Ég fékk tímabundna vinnu í hálf ár hjá Forlaginu, (ég var í ritstjórnar og útgáfunáminu sem þú ert í), ég var hjá þeim í starfsnámi og fékk vinnu hjá þeim í hálf ár eftir að lauk náminu. Þeir voru að tala um að ráða mig í fulla vinnu en svo skall kreppan á. Þeir voru mjög meðvitaðir að þeir þyrftu að fá nýtt blóð inn, en þeir gera það ekki. Það sitja allir rosalega fast á sínu, það er svo þægilegt. Jólabókaflóðið, er dæmi um þægindi sem útgefendur vilja ekki gefa eftir, það gerist eitthvað rétt fyrir jól í útgáfu. Það eru ákveðnar tegundir bókmennta sem seljast út af því almenningur er sannfærður um að þetta séu gjafabækurnar og íslenskar bókmenntir, þótt að helmingurinn af bókunum sitji upp í hillu.

Það eru svo margir lesendur fantasíu og vísindaskáldsagna sem eru ekki lesendur núna en gætu verið það. Gætu haft gaman af fantasíum og svo er lítil þekking fyrir hendi á fantasíum. Ég tók eftir því þegar verið var að fjalla um bókina mína, sem var í 90% tilvika mjög jákvæð, eins og í *Kiljuni*. „Þetta er svona fantasía“ var sagt og þá fraus fólk. Þegar átti að tala um fantasíu var Tolkien það eina sem kom upp og mín bók er ekki samanburðarhæf við Tolkien. Það er til svo mikil fjölbreytni og mikil þróun sem er að gerast fyrir utan Ísland. Fólk sér bara Tolkien eða *Harry Potter* en ekki borgarfantasíur sem ég er rosalega áhugasamur um. Neil Gaiman er í uppáhaldi hjá mér og ég er undir áhrifum *American Gods*, hún er ein af mínum uppáhaldsbókum. Hornsteinar fantasíunnar eru t.d. Tolkien, Charles de Lint, Ursula Le Guin og *Earthsea* sería hennar, verkin þeirra eru hálfgerð „helgirit.“ Síðan kemur höfundur eins og Gaiman með *American Gods* sem markar upphaf borgarfantasíunnar. Hún er í mikilli þróun og oft hægt að kanna mikið efni í henni. China Miéville er annar með svokallaðar „new weird“ bækur. Hann og Gaiman vildu fjarlægja sig frá þessari miðju sem Tolkien er, án þess að í því falist neikvæð gagnrýni á Tolkien, en hann var orðinn of ráðandi á markaðinum, sem sýnir að fantasían er í

stöðugri þróun. Fordómarnir gagnvart svona bókmenntum er á engu byggðir. Mér finnst fantasían vera í rauninni að varðveita frásagnar-partinn í bókmenntum, það að geta sagt góðar sögur og bera fram goðsögur og þjóðsögur. Goðsagan þróast yfir í þjóðsöguna og hún í fantasíuna, Tolkien talar einmitt um það í ritgerð sinni, *On fairy stories*.

Það er svo mikill efniviður hér á Íslandi og ef eitthvað land ætti að vera virkt í fantasíugerð þá ætti það að vera Ísland. Höfundar sem taka upp á því að skrifa fantasíur gera það fyrir börn en ekki fullorðna.

### **Heldurðu að þýddar fantasíur fyrir fullorðna geti selst vel hér á landi?**

Þeir reyndu þetta með Pratchett hún seldist ágætlega. Rithöfundar eru skelkaðir að skrifa fantasíu fyrir fullorðna, ef þú gerir það ekki nógu vel þá gerirðu þig að atlægi.

Það er svo seigt í mönnum að skrifa þessar íslensku, alvarlegu sögur eins og t.d.

Gyrðir Elíasson sem ég las mikið áður fyrr. Hann er búinn að skrifa sömu söguna í 15 ár. Þetta er það sem hann gerir vel og þær seljast ágætlega. Menn eru hræddir.

Hallgrímur Helgason má þó eiga það að hann tekur áhættu. Hann hefur verið að skrifa einhverskonar fantasíu *Herra Alheimur*. Hún á víst að vera slæm en hann tók þó áhættuna. Andri Snær [Magnason] skrifaði svo *LoveStar*. Ég held að hún sé eina skáldsagan sem hann hefur skrifað, en ég held að það sé ævintýraskáldsaga að koma út eftir hann núna sem er reyndar fyrir yngri kynslóðina.

### **Hvernig skilgreinir þú fantasíuna?**

Ég er að reyna að rifja upp margar skilgreiningar. Fantasía er skáldskapur sem er ákveðin aðferð eða háttur, háttalag í textanum sem vekur furðu. Hið fantasíska vekur furðu á svipaðan hátt og framandgerving Shklovsky, sem felst í því að áheyrandinn eða lesandinn endurhugsar hlutina eða skilgreinir þá upp á nýtt í samhengi. En í fantasíu þá er annað lag fyrir ofan sem er endurskipulagt með t.d. drekum. Fantasían er þarna ákveðið fyrirbæri sem vekur furðu sem aðrar bókmenntategundir geta ekki gert. Furða eða Wonder. Forundran. Það er helsti drifkrafturinn í textanum. Þetta er annað en það sem t.d. Kafka eða Beckett gerðu, hjá þeim var eitthvað skrýtið í gangi, það er ekki það sama. Fantasía er sem sagt tengd furðunni í byggingu, í efnistöku og í viðtöku. Bækur eftir Kafka og Beckett innihalda furðu, en hafa hana ekki sem strúktur og alls ekki sem efnistöku. Notkun þeirra á furðunni snýst aðallega um viðtökuna. Þetta er það ég hef verið að þæla.



### **Eru hryllingssögur fantasíur, eins og t.d. Lovecraft?**

Ég myndi í raun og veru vilja halda þessu öllu aðskildu, fantasíu, hrollvekju og vísindaskáldskap þótt að þetta skarist en svona upp á skilgreininguna að gera þá vil ég halda þessu aðskildu. H.P. Lovecraft er á sama stigi og fantasíur en hann er að vekja hræðslu í staðinn fyrir furðu.

### **Ég ætla að fjalla aðeins um hlutverkaspil, hefur þú spilað þannig spil?**

Eina spunaspilið sem ég hef spilað var *Askur Yggdrasils* þegar ég var 10 ára. Bræður mínir fengu það í jólagjöf. Þá kviknaði áhuginn, brennandi áhugi á goðafræðinni. Það er ógeðslega skemmtilegt spil og það var spilað í tætlur.

### **Viltu segja eitthvað að lokum?**

Þetta byrjar allt í grasrótinni. Ég með *Sögu eftirlifenda* og svo kom Alexander með *Furðusögur* á sama tíma og hér er mikil fyrirhöfn hjá fáum aðilum. Við vorum báðir að taka fjárhagslega áhættu. En því fleiri sem eru að ræða þetta og stússast í þessu því betra. Það gæti vel verið að það myndist og þróast einhver íslenskur fantasíustíll.

## **Viðauki 5: Viðtal við Guðrúnu Vilmundardóttur útgáfustjóra þann 4. ágúst 2011.**

### **Er ekki Bjartur mikið með þýddar bækur?**

Jú, Bjartur er mikið í þýddum bókum þú getur séð útgáfulistann á Bjartur.is. Það hefur alltaf verið mikil áhersla á þýddar bækur í þessu klassíska eins og jólabókarflóð en líka Neon klúbbinn að þá getum við gefið þýddar frumútgáfur jafnt og þétt yfir allt árið.

### **Finnið þið sjálf bækur sem þið viljið þýða eða koma þýðendur til ykkar með bækur?**

Það gerist stundum og hefur gerst að þýðendur koma með bækur til okkar og við ákveðum að gefa þær út en langoftast finnum við bækurnar. Útgáfan hefur samband við réttshafann, kaupir réttinn og ræður þýðanda til starfa.

### **Er það aldrei neitt mál að fá þýðingaréttinn?**

Yfirleitt er það ekkert mál því bransinn er ekki það stór hér. Það hefur gerst að það hefur orðið slagur á milli útgefenda. Þá hleypur kapp í menn, verðið hækkar og bitist er um réttinn. Það var í tísku einu sinni. Nú er það óalgengt að það hittist þannig, forlögin eru líka með ólíkan stíl en ef það kemur eitthvað sem allir halda að verði næsti Dan Brown ... en það verður ekkert á hverju ári og yfirleitt er tekin yfirveguð ákvörðun. Til dæmis bækurnar eftir Stieg Larson. Forlagið vissi af reyfurunum líka en þetta er svo mikil ákvörðun þegar bækurnar eru svona langar. Þá verður þýðingarkostnaðurinn svo hár.

### **Ef bækur eru of langar er það þá oft ástæðan fyrir að þær eru ekki þýddar?**

Það eru náttúrulega til þýðingarstyrkir en þeir eru ekki mjög háir og dekka yfirleitt ekki allan kostnaðinn. Það er öðruvísi með t.d. reyfara. Þegar þeir verða alvöru stórar metsölubækur, ef þær seljast vel án þess þó að verða að einhverju fyrirbæri þá standa þær varla undir sér ef bókin er of löng vegna þýðingarkostnaðarins. Við erum samt ekki bara út af þessu út af gróðanum. Fegurðin verður líka fá að ráða, það eru til dæmi um bækur sem við græðum minna á en á öðrum en það er ekki hægt að tapa öllu þá er þetta búið og maður fer á hausinn.

### **Þú komst að *Harry Potter*, er það ekki?**

Ég var með tvær síðustu.

### **Veistu afhverju það var tekin sú ákvörðun að gefa út *Harry Potter* bækurnar?**

Hún var ekki orðin svo mikið fyrirbæri. Það var stofnandi Bjarts, Snæbjörn Arngrímsson sem keypti hana. Hann keypti bæði *Harry Potter* og Dan Brown á sínum tíma. Dan Brown keypti hann ekki bara fyrir Ísland en líka fyrir Danmörku. Snæbjörn er hættur hér og rekur sitt eigið fyrirtæki í Danmörku. Það er flókinn rekstur að vera með metsölubækur. Tilfellið með *Harry Potter* og Dan Brown eru svöldið sérstök því þau verða svo gífurleg fyrirbæri, það verður svo gífurleg metsala. Og í báðum tilfellum þegar fyrsta *Harry Potter* bókinni gengur vel þá eru strax gerð loforð um næstu bækur. Þannig er það líka með Dan Brown, þegar *Davinci lykilinn* verður

rosalega ofboðslega heimsfrægur, þá voru þrjár bækur sem hann hafði skrifað á undan sem átti eftir að gefa út. Það er meira heldur en eitthvað tímabundið æði.

Fyrsta útgáfan af fyrstu *Harry Potter* bókinni er orðin dálítill safngripur því hún kom út áður en kápurar verða samræmdar. Það var útgefandinn eða umboðsmaður Rowling sem kom samræmingunni í gegn. Hún er með mikinn harðjagl, harðan umboðsmann. Þetta er náttúrulega rosalegt peningadæmi, veldi og maskína sem stýrt er með harðri hendi. Ekki alltaf skemmtilegt. Það er liprara í kringum Dan Brown, manneskjulegra. Þetta er það snemma og ekki komnar þessu samræmdu kápur þegar Snæbjörn fattaði allt í einu hvað hann var með í höndunum. Hann sagði einhverntímann frá því þegar hann var á bensínstöð í Fossvoginum. Þá tók hann eftir mynd af Rowling í *Newsweek* og þá rann upp fyrir honum hversu stórt dæmi var að fara af stað og sú varð raunin. Það var buzz í kringum þessa bók og það voru aðrar útgáfur sem vissu af henni en það er alltaf verið að tala um að krakkar séu hættir að lesa og lesa minna. Fólk treysti ekki á að gefa út 800 síðna fantasíu fyrir börn en þarna sá Snæbjörn eitthvað í þessu, útgefandanefið fann að þetta væri eitthvað sem yrði skemmtilegt.

### **Segið þið nei við ákveðinni tegund af bók eða skoðið þið allt?**

Við skoðum allt en auðvitað gefum út það sem okkur finnst best en svo verður maður aðeins að spá í að handrit getur verið gott þó að það sé ekki minn stíll. Ég get ekki bara gefið út efni fyrir mig og vini mína. Sem betur fer er almenningur með breiðan smekk. Það verður samt alltaf að vera eitthvað í gott í handritunum, og eitthvað flott í gangi. Það á líka við léttari literatúr og hann verður að höfða til sem flestra og þá verður það að vera sniðugt og skemmtilega gert.

Þetta eru ekki beint vísindi og oft valda tilviljanir og hverjir mæla með bókum því hvað við veljum. Umboðsmenn vinna í að koma sínum mönnum á framfæri. Oft verðum við heppin og fram koma hæfileikaríkir menn og þá fylgist maður betur með þeim. Mannlegi fílingurinn skiptir máli, ef góð manneskja gefur þér góð ráð þá hlustar þú frekar á hana.

## Viðauki 6: Viðtal við Pál Baldvin Baldvinsson þann 5. ágúst 2011.

**Þú sagðir í *Fréttatímanum* að fantasíur hafi lengi verið álitlegur keppinautur við virtustu rit bókmenntastofnunarinnar en átt sér fáa forgöngumenn hér á landi. Geturðu sagt mér meira frá þessu?**

Í barnabókum og unglingabókum er mikil tilhneiging til þess að búa til einhverja fantasíuheima og þetta hefur náttúrulega smitast yfir í fullorðinsbækur. Ég held að til dæmis endurlífgunin á *Lord of the Rings*, þótt að hún hafi verið til í mjög langan tíma og verið kult þegar ég var að ljúka stúdentsprófi (þá voru menn að lesa hana), þá hefur orðið ákveðin breyting á markaði og hún gerð að söluvöru. Sama má segja þegar BBC ræðst í að taka *Narníu* bækurnar og gera þær að framhaldsflokki og svo var gerð kvikmynd eftir bókunum seinna. Síðan er náttúrulega búið að gera margar, margar bíómyndir um Tarzan, þó að við tengjum hann í dag frekar við bókmenntir. Rice-Burroughs var náttúrulega fantasíuhöfundur og Tarzan var bara ein af hans greinum, hann skrifaði margar bækur í þeim anda. Þegar það gerist sala verður mikil í einhverju, þá fara menn að snúa sér að því, menn sem hafa verið að hugsa um eitthvað allt annað.

Það er sýnileg metnun mjög víða í fagurbókmenntum sem verður til þess að menn snúa sér að öðru. Á Norðurlöndum hefur verið glæpasagnabylgja og menn eru að spá breytingum þar núna. Það eru eitthvað um 40 menn að verki í Noregi einum og það eru að koma um 10–15 glæpasögur út í Noregi haust. Þar höfundar sem hafa verið að sinna miklu alvarlegri eða öðruvísi hugarefnum sem eru að fara inn á svæði glæpasagnanna. Þannig að þá náttúrulega liggur beinast við að spyrja að því að þegar þessi glæpabylgja hefur mettað markaðinn hvert snúa menn sér þá? Víða niður um Evrópu hefur fantasíu literatúr verið fyrst og fremst verið á myndasöguformi. Aðallega á franska menningarsvæðinu, þar eru náttúrulega komin mjög gamalgróin og fullorðinn lesendahópur sem er að lesa fantasíur í teiknimyndasöguformi þannig að það er alveg viðbúið að það færist líka yfir í skáldsagnavitund í meiri mæli. Þá er ég að tala um skáldsagnavitund sem er utan þennan fasta sci-fi og fantasíukjarna sem er búinn að vera til í Evrópu í næstum 100 ár. Hún hefur eiginlega verið klúbbur, þess vegna var ég að segja þetta. Ef maður er að reyna greina stefnur og strauma, þá er skáldsagan að víkja í sínu alvarlegasta formi fyrir allskonar derivatív-formum. Ef við

lítum í okkar sögu þá er allur hulduheimurinn bara fantasía og ég held að ein ástæðan fyrir því að fantasían hefur aldrei fest neinar rætur hérna sem viðfangsefni nema þá í tilvikum sem eru nánast þannig að hægt sé að telja á fingrum annarrar handa, (eða beggja handa það fer eftir því hvað maður sveigir þetta mikið), að hér var þjóðtrú svo sterk um það að það væri til annar heimur við hliðina á okkar sem var hulduheimur, dvergahæimur og jafnvel tröllahæimur að þetta fullnægði ákveðinni þörf. Svo náttúrulega var hér spíritisminn sem bauð mönnum upp á að það væru til fleiri heimar þannig að í þjóðtrú þá hefur fantasía verið mjög rík hér þó hún hafi ekki náð inn í bókmenntir að neinu marki.

### **Heldurðu að það muni gerast?**

Já, mér þætti það nú ekki ólíklegt, ég held að þeir höfundar sem eru af yngri kynslóðinni og hafa einhvern áhuga víli ekkert fyrir sér að fara út í svona lagað. Hinsvegar er spurning hvort að lesendur, fyrir utan þennan harða kjarna sem fylgist reglulega með fantasíubókmenntum og safnar höfundum og er virkur þátttakandi í þeirri bókmennaástundun séu til og opnir fyrir fantasíum. Ég kynntist þessu í rauninni ekkert, þó að ég hafi lesið Jules Verne og þekkti vel til hans þá kynntist ég þessu ekkert fyrr en ég kynntist Megasi, hann er gamalgróinn og dyggur fantasíuaðdáandi. Hann á mjög stórt fantasíubókasafn, safnaði og var mjög skipulega að reyna ná sér í ákveðna höfunda og leita þá uppi. Það voru náttúrulega fyrst og fremst þeir sem höfðu skrifað í pulp blöð, aðallega í Bandaríkjunum. Það kom þaðan og í gegnum hann komst maður að því að það voru til menn sem lágu í þessu og voru mjög heitir lesendur á fantasíubókmenntir. Ég held að sá hópur sem er mjög viðbúinn því að fara segja eða reyna að búa til heima í fantasíum sé til og hann gæti alveg orðið virkur.

### **Hvernig finnst þér almennt viðhorf til fantasía vera?**

Ég veit það ekki, því miður þá er bókmenntahefðin og lestrarhefðin íslenska mjög hefðbundin og menn eiga mjög erfitt með að rífa sig frá því lesefni eða því lesefnaformi sem þeir eru vanastir. Aftur móti þá eru að verða breytingar á lestrarháttum, það er vegna þess að bókin er eins og hún er og tölvan fer að sinna því hlutverki líka að það kann vel að vera að hér sé að verða til hópur sem er reiðubúinn að prufa eitthvað nýtt. Ég held það.

Fantasían dregur síðan dóm af konungshirðum og tekur part af ævintýrum líka. Það er ekkert svo rosalega mikið hugmyndaflug í gangi.

## Viðauki 7: Viðtal við Þorstein Mar Gunnlaugsson rithöfund og útgefenda þann 28. maí 2011.

### **Hvernig hefur gengið að reyna fá útgefið eftir þig efni?**

Ég reyndi að gefa út smásögurnar í um 10 ár. Ég varð var við mikið áhugaleysi og var við að handritin voru ekki lesin. Ég setti merki inn í handritið sem ég vissi að myndi losna ef það yrði lesið, en það var á sínum stað þegar ég fékk það til baka. Mér var alltaf sagt að koma eftir ár, ég fékk reyndar einu sinni samþykki en þá fór útgáfan á hausinn, útgáfan Fróði.

### **Hvaða útgáfa er Rúnatýr?**

Ég stofnaði Rúnatý ásamt nokkrum fjölskyldumeðlimum. Þar sem ég rakst alltaf á vegg hjá forlögnum þá var þetta eina lausnin til að gefa sig út. Ég er nýbúinn að gefa út smásögu sem er safn af hrollvekjum.

Við viljum ekki taka þátt í jólabókarflóðinu. Því að flestir sem kaupa bækur þá eru að gefa öðrum, sem eru jafnvel ekki lesnar. Það er fátíðlegt hversu margar bækur eru gefnar út fyrir jólin. Það er í raun létt geggjáð.

### **Afhverju heldurðu að fantasíur séu ekki gefnar mikið út á Íslandi?**

Það er rík hefð á Íslandi fyrir fantasíum, sjáðu til dæmis þjóðsögurnar og Íslendingasögurnar.

Þórbergur, Laxness og Gunnar Gunnarsson voru svo fyrirferðarmiklir að fólk var alltaf að reyna að skrifa eins og þeir. Verk þeirra urðu samnefnari fyrir íslenskar bókmenntir og ekkert annað komst að. Margir höfundar fara þess vegna að skrifa sömu bókina aftur og aftur. Ég hafði alltaf á tilfinningunni að forlögin þyrðu ekki að taka áhættu. Svo er einnig hægt að skoða til dæmis glæpasöguna, hún þótti ekki fín og svipað ferli þarf hugsanlega í hrollvekju og fantasíugeiranum. Flestar glæpasögurnar eru eins en það er reyndar áhugavert að sjá að glæpasagan er farin að þróast og er að fara út í meiri fræði.

Á Rithringur.is eru margir að skrifa fantasíur og hrollvekjur, þannig að það er fólk að skrifa.

### **Hvernig finnst þér viðhorf almennt til fantasía vera á Íslandi?**

Það var til dæmis mjög erfitt að markaðssetja bókina. Blöðin hafa engan áhuga. Ég sendi eintak af bókinni minni á *Fréttablaðið* og fékk ekkert svar. Ég held að það sé út af því að ég hef ekki stóra útgáfu á bakvið mig. Það fá ekki allir að auglýsa. Það hefur þó vettvangur opnast fyrir höfunda til að kynna bækur sínar í gegnum Facebook sem hjálpar mikið og Rúnatýr er á Facebook.

Fólk skilgreinir sig líka mjög mikið sem glæpasagnalesanda eða fantasíulesanda eða hvað sem það er og er tregt til að prófa eitthvað nýtt.

Það vantar alvöru ritstjórn á Íslandi. Það er engin ritstjórnarhefð, það er algengt að rithöfundar biðji aðra rithöfunda að lesa yfir verk sín. Ég fékk marga til að lesa yfir sögurnar og ég nýttti mér rithringinn mikið og fékk ómetanlega hjálp þar.

Ég stefni á áframhaldandi útgáfu og ég vil láta þýða þungavigtarverk í geiranum. T.d. Lovecraft sem ég held mikið upp á og fleiri. Ég hef líka mikla trú á rafbókunum. Aðstæður eru ekki orðnar nógu góðar á Íslandi, enn sem komið er, en ég er viss um að það muni breytast. Útgáfuþröskuldurinn mun lækka því kostnaðurinn myndi snar minnka, það kostar nánast ekkert að gefa út efni á pdf formi. Það gefur reyndar færi á útgáfu af miklu vondu efni með en þá koma kannski fleiri tegundir af bókmenntum inn.

### **Heldurðu að það sé markaður fyrir fantasíur á Íslandi?**

Já, ég held það sé markaður hér á landi. Horfðu bara Harry Potter, hann seldist í fjölda eintaka og allskonar fólk keypti bækurnar. Það eru, eins og nefndi áður, mjög margir að skrifa, t.d. í rithringnum.

### **Hvernig skilgreinir þú fantasíu?**

Fantasía er saga sem er og hefur eitthvað element sem er ekki í samræmi við þann raunveruleika sem við þekkjum. Ég held að það sé hægt að finna fantasíu í mörgum

öðrum sögum sem eru ekki skilgreinar sem líkar. Það er til dæmis frekar ný bók, *Sláttur*, komin út. Það er samtímasaga, sem fjallar um hjartaígræðslu, þar sem hjartað tekur yfir.

Svo er líka bókin hennar Yrsu [Sigurðardóttur], hún er hrollvekja að mínu mati miklu frekar en glæpasaga en var samt markaðssett sem slík.